

Meistaraverkið

Ræða flutt af
William Marrion Branham

5. júlí 1964

Birna Einarsdóttir þýddi



Meistaraverkið

1. Við skulum lúta höfði í bæn, með höfuð og hjarta hneigð frammi fyrir Guði. Hve margir hér eru með bænarefni, sem þeir vilja að Guð minnst, aðeins með því að lyfta upp höndum? Geymdu nú bænarefnið í hjarta þér meðan við biðjum.
2. Drottinn Jesús, þú sem ert uppsprettan, hin óþrjótandi uppspretta lífsins, flæddu í gegnum okkur í dag Drottinn og hreinsa okkur af allri vantrú og allri synd, til að við mætum standa í nærveru þinni á þessari stundu, meðvituð um að við þörfnumst mikils. Okkur er það ljóst að við erum syndarar og ekki verðug neinnar blessunar. En þegar við hugsum um Hann, sem kom og tók syndir okkar! Þegar blóð Hans er til staðar, þá er það ekki... það erum ekki við í nærveru Guðs, það er Hann... það er aðeins rödd okkar í gegnum blóð Hans. Það er blóð Hans sem talar. Ó, Guð, hreinsaðu hjörtu okkar af vantrú og synd.
3. Gefðu okkur það sem hjarta okkar girnast, af því að þrá okkar er sannarlega sú að þjóna þér. Og í þessari aðþrengdu stöðu, vafin í þjáningu og þrengingu frá heiminum, þeim hlutum sem eru lagðir á okkur öðru hverju, til að fullkomna okkur. Það hefur okkur verið sagt, því Hann sagði: *“Látið yður eigi undra eldraunina, sem yfir yður er komin.”* Hún mun samverka til góðs til að fullkomna okkur og leiða okkur á ákveðinn stað. Þessar miklu eyðimerkur reynslunnar, þar sem hinir réttlátu eru mótaðir til að verða heilagir. Við, við þökkum þér fyrir þessar prófraunir, Drottinn. Við viljum alls ekki gera neitt gagnstætt vilja þínum, en við biðjum þess Faðir, að við mætum færast nær þér.
4. Og þegar byrðarnar eru svo þungar að við komumst ekki lengra, þá lyftum við upp höndum og hrópum til Föður okkar. Heyr þú þá frá himni, Drottinn. Lækna okkur. Gerðu okkur heil, fyrir sakir Guðs ríkis.
5. Blessa þú Orð þitt í dag, Drottinn. Þitt Orð er sannleikur. Og við erum samankomin hér í kirkjunni í dag. Við biðjum fyrir bróður Neville og bróður Capps og bróður Collins og öllum hinum Guðsþjónunum og safnaðarráðsmönnum, djáknum og öllum leikmönnum og ókunnugum við dyr okkar. Mætti þessi dagur verða lengi í minnum hafður vegna nærveru þinnar.
6. Við erum í mikilli eftirvæntingu þennan morgun, Drottinn. Kölluð saman án fyrirvara. Okkur finnst að það sé tilgangur með því. Mætti þinn tilgangur ná fram að ganga, Drottinn. Því að við biðjum þess í Jesú nafni, um leið og við gefum okkur sjálf í undirgefni. Amen.
7. Það er stórkostlegt að vera hér samankomin og kirkjan er full af fólki. Ég bjóst varla við að nokkur maður yrði hér þennan morgun, af því að ég vissi það varla sjálfur að ég yrði hér.
8. Við vorum að koma frá Fíladelfíu. Og ég kom hingað og hélt að ég yrði að fara skjótt til Arizona og tala við jarðarför bróður eins af vinum mínum, Jims Mosley,

kapteins. Hann er mjög dýrmætur og trúbróðir, sem ég leiddi til Krists fyrir skömmu, en hann er einn þriggja bræðra. Einn þeirra er nú fallinn. Hann fórst með flugvél sinni um daginn og dó samstundis. Hann var í eldinum í 10 tíma, áður en þeir náðu til hans. Lee var 28 ára gamall og lætur eftir sig 26 ára gamla konu og þrjú lítil börn, það elsta sjö ára. Ákaflega sorglegt. Og þeir... þegar þeir náðu honum urðu þeir að jarða hann strax næsta dag. Svo mér var ómögulegt... ég hafði ekki tök á að fara. Ég skrifaði niður, eða sendi með símskeyti það sem ég hefði sagt við jarðarför bróður Mosley. Sumt af þessu skiljum við ekki, en hann lætur samt allt samverka til góðs.

9. Við erum hér til að þjóna Drottni í dag og við vitum, að ef við treystum Guði, mun hann sjá til þess að allt verði í lagi. Sama hvað það er og hvernig það fer, þá vitum við að það mun samverka til góðs. Það hlýtur einfaldlega að vera þannig. Stundum skiljum við það ekki, þetta er stundum ákaflega flókið, en samt vitum við að það er sannleikurinn, af því að Biblían segir að það sé satt og Biblían er okkur Guð í formi bókstafa.

10. Nú, við verðum að leggja traust okkar á eitthvað. Ef ég, eða einhver af okkur, reyndi að verða velmegandi í þessu lífi og yrði margfaldur milljónamæringur, hvað mundum við þá gera við það allt? Við hljótum að koma að enda vegarins og hvað græðum við þá á því? Skilurðu? Og peningar eru aðeins blaðsnepill, þeir eru gjaldmiðill, en þú getur ekki greitt fyrir lífið með þeim. Aðeins Guð hefur lífið.

11. Við gerum okkur grein fyrir að við erum hér í neikvæðu ástandi. Meðan til er neikvætt, hlýtur líka að vera til jákvætt. Það getur ekki verið til neikvætt án hins jákvæða, því það er hið jákvæða sem gerir hið neikvæða mögulegt. Líkt og þú hefur ljósmynd af einhverjum hlut á filmu. Það hlýtur að vera hlutur einhvers staðar, þannig að ljósið frá honum lendir á linsunni, annars kæmi engin mynd. Þegar við sjáum að líf okkar hér er í hinu neikvæða og vitandi að við erum skuggamynd einhvers lífs, einhvers staðar, þá sjáum við að einhvers staðar er hið jákvæða sem ljósið hefur lent á og endurvarpast á jörðina. Og við erum aðeins það endurvarp. Hinn upprunalegi hlutur er einhvers staðar. Ef svo er ekki, þá er ég mest afvegaleiddi maður í öllum heiminum. Þá hef ég eytt lífi mínu til einskis. En ég veit, án nokkurra efasemda, að hann er þarna. Það er þess vegna sem við erum hér.

12. Þegar ég sé ykkur koma frá hinum enda landsins, með stuttum fyrirvara, þá finnst mér ég verða svo lítill, þegar ég kem á svona samkomu. Hugsa sér, ég veit að margir hafa ferðast mörg hundruð kílómetra, aðeins til að vera hér nokkrar mínútur á samkomu, bara til að vera hér.

13. Um daginn kom hér kona nokkur og sagði eftirfarandi: “Sýnið mér hvar maðurinn hefur gengið og leyfið mér að feta í fótspor hans. Þá mun ég” sagði hún, “verða heil.” Nú, þegar fólk þú trúi á þennan hátt og maður er fulltrúi Krists. Hvað á maður þá að gera? Við þurfum að vera ákaflega varkár, vegna þess að ef þú ferð með villu eyðileggur þú ekki aðeins sjálfan þig, heldur eyðileggur þú aðra sem fylgja þér.

14. Ég þekki enga kirkjudeild eða stofnun sem hefur hlutina nægilega á hreinu, þannig að ég geti mælt með henni. Það er aðeins eitt sem ég hef trú á. Ef þú trúi mér, taktu þá eftir því sem ég segi vegna þess að ég trúi Biblíunni, sem er Orð Guðs. Allt annað bregst. Ég..., Hann er lífið. Hann er Orðið.

15. Nú, ég veit að þið... þegar ég kem hingað, held ég ykkur lengi. Ég bað til Guðs, þegar ég fann að mig langaði til að koma hingað í dag. Það hafa svo margir fengið viðtal við mig og fólk hefur hringt og svo framvegis. Ég þurfti að hitta einn í morgun. Og ég sagði: “Nú, bróðir Neville biður mig örugglega um að tala.” Það var á föstudaginn. Og ég sagði: “Bróðir Neville biður mig líklega um að tala. Og þegar ég geri það, þá bið ég Guð...” Það hefur verið svo heitt, svo heitt. Og Hann var svo vænn að senda okkur í dag regn til að kæfa þennan steikjandi hita og gefa okkur góðan morgun þennan morguninn. Ég bið þess að gæska hans mætti rigna yfir eitt og sérhvert ykkar og þið mættuð að eilífu minnst þess að hafa verið hér í dag. Megi náð Guðs og blessanir vera yfir ykkur!

16. Í gærkvöldi heimsótti ég vin, sem var sjúkur, bróður Bill Dauch. Ég kem ekki auga á hann þennan morgun. Einhvern veginn, ég... ó, þarna er hann, já. Og ég hugsaði: “Gamall maður, 91 árs og hann þeytist enn um landið, um eyðimerkur og yfir snæviþakin fjöll og hála vegi. Hann þarf ekki að gera það. Guð hefur verið honum góður, hann þarf ekki að gera það. Hann gæti setið heima og látið þjóna kæla sig með blæstri, ef hann vildi það. En eitthvað kom fyrir Bill Dauch, hann endurfæddist. Og þegar það gerðist kom eitthvað inn í hjarta hans, svo allt hans líf er nú að vera á þessum samkomum. Og ef ég á að vera málpípa Guðs, myndi ég þá blekkja vin? Ég vildi frekar deyja. Lát mig þá segja honum nákvæmlega hver sannleikurinn er úr þessari Biblíu, því hún er Orð Guðs. Ég endurtek aðeins það sem Hann sagði.

17. Nú ætla ég að lesa úr Biblíunni. Áður en við lesum, langar mig að... að segja að ég held að í kvöld munum við neyta kvöldmáltíðarinnar. Og þið sem eruð héðan af staðnum. (Auðvitað munu hinir fara heim til sín, af því að þeir þurfa að fara að vinna.) Þið sem eruð í söfnuðinum hér, munið að bræðurnir munu útbýta brauðinu og víninu í kvöld.

18. Nú, ég er að bíða eftir — afgerandi símtali frá Afríku. Þeir vildu ekki hleypa mér inn sem trúboða. Þannig að eina leiðin til að ég komist þangað... ég þarf að fara til Kenýa, Úganda og Tanganyka. Og eina leiðin til þess að komast inn... Fyrst vildu kirkjurnar ekki hleypa mér inn, af því að þær vildu að ég prédikaði ýmist á þennan eða hinn veginn, þarna í Afríku. Og ég vil ekki fara á þeim forsendum. Ég er ekki nógu mikill hræsnari til að gera það. Þannig að ég segi þeim annað hvort: “Nei, sannarlega mun ég aðeins prédika það sem Guð leggur mér á hjarta, það er allt og sumt.” Og ég er viss um að það verður ekki það sem þeir vilja fá mig til að kenna. Ég smjaðra ekki fyrir þeim með því að kenna þrenningarskírni og þess háttar. Nei takk.

19. En bróðir Boze hefur boðið mér á stórt mót. Hann er að því kominn að sjá eitthvert ljós í því sem við trúum. Svo mér var boðið að koma eins og ég væri að fara í veiðiferð... Ef ég get fengið einhvern til að segja að þeir ætli að fara með mig að veiða þegar ég kem þangað. (Læknirinn í sendiráðinu er persónulegur vinur minn frá Chicago.) Þegar ég kem þangað mun hann segja: “Hér er bróðir Branham kominn, höldum nú samkomu.” Þegar ég er kominn þangað getur sendiráðið ekki hafnað mér. Ef þeir... þeir eru að reyna að koma þessu í gegn. Þannig að ég treysti því að það sé... Ef þetta er Guðs vilji mun það allt ganga upp, þið vitið. Þannig að það er einfaldlega í Hans höndum. Ef þetta verður ekki, þá læt ég ykkur vita.

20. Mig langar... Ef það er Guðs vilji, ætla ég að tala um lúðrana sjö. Það munu verða samkomur í átta daga og við verðum ekki hér í þessari kirkju. Við munum e.t.v. reyna að fá áheyrendasál hér.

21. Nú, mér kom ekki til hugar að nýi áheyrendasalurinn yrði reistur einmitt þarna uppfrá. Hann er staðsettur nákvæmlega þar sem ég sá Jesú í fyrsta skipti í sýn. Nú er búið að byggja áheyrendasál nákvæmlega á þeim stað. (Ég fór þangað til að skoða hann um daginn.) Þegar ég leit Jesú og sá hann horfa í austurátt, (þið munið að ég hef sagt ykkur frá því) þegar ég var þar að biðja fyrir föður mínum, ungur piltur, bara ungur prédikari. Það er þar sem ég sá hann. Höfuð hans sneri til hliðar frá mér. Ég gekk um og ræskti mig á gullsópsakri. Ég horfði á hann og hann sneri sér aldrei við. Þá kallaði ég nafn hans: “Jesús,” hann sneri sér við, rétti fram handleggina og það er allt sem ég mundi þegar dagaði. Svo ég kom frá þeim akri í dagrenningu. Þannig að ef til vill leyfir Drottinn mér að prédika þar um lúðrana. Hvar sem það verður, verði Guðs vilji.

22. Flettið nú upp í Biblíum ykkar á Jesaja, 53. kafla Jesaja. Nú, við treystum því að Guð muni blessa veikburða viðleitni okkar þegar við söfnumst hér saman þennan morgun. Við vorum að koma frá Fíladelfíu, þar sem ég var á ráðstefnu Full Gospel Businessmen hreyfingarinnar. Og ég hlýddi þar á mismunandi vitnisburði manna.

23. Við vorum á leiðinni þaðan, Billy Paul, ég og Rebekka og, og litla Collins stúlkan, Betty litla Collins. Billy á auðvelt með svefn og Rebekka á jafnvel enn betra með að sofa. Þannig að ég... ég og Betty spjölluðum saman, hún sat í aftursætinu ásamt Rebekku. Þá sá ég eitthvað gerast á veginum. Og þegar það gerðist, þá var eitthvað sem snerti við mér. Og Betty (ef hún er hér), hún tók eftir að ég hætti að tala og fór að skrifa eitthvað niður á blað. Það var þar sem ég fékk textann fyrir þennan morgun.

24. Nú skulum við rísa á fætur, ef við... nú stöndum við upp í virðingarskyni við Orð Guðs, meðan ég les 53. kafla Jesaja.

“Hver trúði því, sem oss var boðað og hverjum varð armleggur Drottins opinber?

(Takið eftir að þetta er spurning til að byrja með.)

Hann rann upp eins og viðarteinungur fyrir augliti hans og sem rôtarkvistur úr þurri jörð.

Hann var hvorki fagur né glæsilegur, svo að oss gæfi á að líta, né álitlegur, svo að oss fyndist til um hann.

Hann var fyrirlitinn og menn forðuðust hann, harmkvælamaður og kunnur þjáningum, líkur manni, er menn byrgja fyrir andlit sín, fyrirlitinn og vér máttum hann einskis.

En vorar þjáningar voru það er hann bar, og vor harmkvæli, er hann á sig lagði.

Vér álitum hann refsaðan, sleginn af Guði og lítillættan, en hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða. Hegningin, sem vér höfðum til unnið, kom niður á honum og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir.

Vér fórum allir villir vega sem sauðir, stefndum hver sína leið, en Drottinn lét misgjörð vor allra koma niður á honum.

Hann var hrjáður, en hann lítillætti sig og lauk eigi upp munni sínum. Eins og lamb, sem leitt er til slátrunar, og eins og sauður þegir fyrir þeim, er klippa hann, lauk hann eigi upp munni sínum.

Með þrenging og dómi var hann burt numinn, og hver af samtímamönnum hans hugsaði um það?

Hann var hrifinn burt af landi lifenda, fyrir sakir syndar míns lýðs var hann lostinn til dauða.

Og menn bjuggu honum gröf meðal illræðismanna, legstað með ríkum, þótt hann hefði eigi ranglæti framið og svik væru eigi í munni hans.

En Drottni þóknaðist að kremja hann með harmkvælum. Þar sem hann fórnaði sjálfum sér í sektarfórn, skyldi hann fá að líta afsprengi og lifa langa ævi og áformi Drottins fyrir hans hönd framgengt verða.

Vegna þeirra harmkvæla er sál hans þoldi, mun hann, hinn réttláti þjónn minn, gjöra marga réttláta, og hann mun bera misgjörðir þeirra. Fyrir því gef ég honum hina mörgu að hlutskipti og hann mun öðlast hina völdugu að herfangi, fyrir það, að hann gaf líf sitt í dauðann og var með illræðismönnum talinn.

En hann bar syndir margra og bað fyrir illræðismönnum.”

25. Guð faðir, þitt Orð er lampi, ljósið sem lýsir veg hvers trúaðs manns inn í nærveru Guðs. Það ber okkur eins og lukt í hendi okkar. Þú hefur ekki gefið nóg til að við gætum séð endinn alveg frá upphafi, en ég geng í trú. Vegferð okkar er eins og ferðalag manns um dimman skóg að næturlífi. Ljósið sem hann heldur á, lýsir aðeins skref fyrir skref. En það er mögulegt að feta stíginn, þótt hann liggi upp á við, með því að ganga í ljósinu. Og mætti ljósið skína á Orðið í dag, til að leiða okkur skrefi nær guðsríki. Þess biðjum við í Jesú nafni. Amen. (Þið megið fá ykkur sæti.)

26. Efnið, sem mig langar til að tala um við söfnuðinn í dag er: *Meistaraverkið*. Það kann að þykja undarlegt að taka svona ritningavers. Eina af blóðugustu og grimmilegustu myndum allrar Biblíunnar. Þar sem Biblían segir að þessi fullkomni þjónn hafi verið særður og kraminn og kalla samt efnið úr þessum texta *Meistaraverkið*. Mjög skrytið.

27. En ég... hugur minn hvarflar til baka á þessum morgni. Við skulum hverfa nokkur ár aftur í tímann. Þá var mér boðið til bæjarins Forest Lawn, sem er í Kaliforníu, fyrir ofan Los Angeles. Aðaltilgangur minn með ferðinni, var að heimsækja gröf Aimee Semple McPherson, leiðtoga Foursquare-hreyfingarinnar. Ég fór að gröf hennar. Þó að ég sé ósammála því að konur prediki, þá er aðdáun í hjarta mínu og virðing fyrir því sem hún stóð fyrir á sínum tíma og hvernig hún tók þeim ofsóknum, sem hún varð fyrir meðan hún var hér á jörðinni. Þar að auki er ástkær sonur hennar, Rolf McPherson, góður vinur minn.

28. Við förum þangað, hópur prédikara. Og þeir... við höfðum ekki tíma til að fara inn, þar sem líkbrennslurnar fara fram og askan er sett í lítil hólfa á hliðarvegg.

29. Og þarna eru alveg framúrskarandi listaverk, eins og síðasta kvöldmáltíðin. Staðurinn er upplýstur af raunverulegu sólarljósi. Það eru gluggahlerar, sem hleypa því inn... Þegar menn koma inn er hjart og síðan þegar farið er að tala, þá dimmir. Og eftir stutta stund verður dimmt og þá fer fólk út.

30. Og þeir hafa allar þessar kvöldmáltíðar.... Það var kona, sem þekkti leyndarmálið um það hvernig átti að hamra glerið til að allt félli rétt saman við gerð myndanna. Leyndarmálið fylgdi fjölskyldunni niður í gegnum kynslóðirnar í mörg hundruð ár. Listin var aðeins kennd börnunum og þessi síðasti ættliður var kona. Og þeir voru að

ljúka við þessa mynd. Þegar einmitt þessi mynd var í vinnslu og verið var að móta og brenna glerið í myndhlutanum af Júdasi Ískariót, þá sprakk það. Þá var reynt aftur og aftur sprakk glerið. Þá sagði konan: “Ef til vill vill Drottinn okkar ekki að mynd af óvini sínum sé við hlið sér.” Og hún sagði: “Ef það springur aftur, þá skulum við ekki ljúka við myndina.” En það stóðst í þetta skipti. Þetta var auðvitað stórmerkilegt að svona lagað skyldi eiga sér stað.

31. En síðan var eitt af því sem ég fékk mestan áhuga á í Forest Lawn, hin mikla myndastytta Michelangelos af Móse. Þetta er auðvitað eftirmynd, sem er þarna. Það er ekki frummyndin, en þetta var þvílíkt meistaraverk. Og er ég stóð þarna og horfði á það var ég hrifinn. Það er eitthvað táknrænt. Það er eitthvað sérstakt við það.

32. Ég er hrifinn af list. Ég trúi að Guð sé í list. Ég trúi að Guð sé í tónlist. Ég trúi að Guð sé í náttúrunni. Guð er alls staðar og allt sem er ekki í samræmi við frummyndina er afbökun. Guð er í dansi, ekki eins dansi og þið dansið hér. En þegar synir og dætur Guðs eru í Anda Guðs, sjáið þið til, það er dans. En atriði eins og ég þurfti að búa við til klukkan tvö í nótt þarna úti á götu, það er afbökun.

33. En þetta meistaraverk, sem Michelangelo gerði, það kostaði hann talsvert að gera það. Hann var mikill maður og það kostaði hann mikinn hluta af ævi hans, því að hann var í mörg, mörg ár að höggva það út. Bara að taka stein, marmara og byrja að höggva hann til. Og sjáðu til, aðeins maðurinn, myndhöggvarinn sjálfur, hefur í huga sínum, hvað hann er að reyna að gera. Hann, hann er sá eini. Þú gætir gengið til hans og sagt við hann: “Til hvers ert þú að hamra á þessum steini?” Fyrir þann, sem stendur fyrir utan og veit ekki hvað í hjarta hans býr, er það vitleysa. En fyrir manninn sjálfan, myndhöggvarann sjálfan, hann er með sýn í huga sér af því hvað hann ætlar að gera og hann er að reyna að móta það sem hann hefur í huga yfir í mynd minnismarkis. Það er ástæða þess að hann er að höggva það út úr steininum.

34. Og til að gera þetta, verður maður að byrja rétt alveg frá upphafi og það verður að fylgja mynstrinu. Skilurðu. Maður getur ekki byrjað með eitthvað lítið. “Við munum gera þetta svona, nei, það held ég ekki...” Nei, það verður að vera nákvæmt mynstur og hann er með þetta mynstur í huga sínum. Og hann getur ekki vikið frá því mynstri. Til að gera þetta, þarf hann að teikna mynd af því í huga sér, því við eigum enga mynd af Móse. Hann varð að hafa huglæga mynd af því hvernig Móse hefur litið út.

35. Nú, sannur myndhöggvari er innblásinn, alveg eins og sannur rithöfundur eða söngvari eða tónlistarmaður, hvað sem það annars er. Allt sem er ekta, verður að koma fyrir innblástur. Michelangelo hlýtur að hafa fengið innblástur um það hvernig Móse leit út. Og hugur hans náði því, hvernig Móse hlaut að hafa verið. Svo að hann byrjaði á hinu mikla marmarastykki, höggva það niður og móta það, þar til úr varð sú mynd, sem hlaut að hafa verið í huga hans.

36. Og þegar það var orðið svo fullkomið, öll horn farin og búið að fága sérhvern stað og augun voru orðin eins og þau áttu að vera, sérhvert hár og skeggið, þá stóð hann upp og leit á það. Ég, ég er að hugsa um margra ára erfiðisvinnu og hvernig hann hafði allan tímann haldið í sýnina í huga sér, um það hvað hann ætlaði að gera. Og hugsíð ykkur bara, þessi mikla sýn í huga hans í svo mörg ár, svo verkið gæti litið út alveg eins og það átti að vera! Hann náði fyrst sýninni og hvernig hann varð síðan að vinna að þeirri sýn, að höggva og móta. Og þegar það var orðið þannig að hann hafði

fullkomnað það, þá stóð hann og horfði á það þegar hann lauk verkinu einn morguninn, með hamar í hendi.

37. Og hann var svo fylltur andagift er hann horfði á það, því að sýnin fyrir hugskotssjónum hans stóð nú raunverulega fyrir framan hann. Það sem hann hafði séð og skynjun hans á því hvernig Móse var. Þarna var komin mynd af því sem hann hafði haft í huga sér allan tímann. Og allt erfiðið og allar stundir sorgar og erfiðleika, öll gagnrýnin og allt annað. En hann stóð með sýninni, þar til hún var uppfyllt.

38. Og þegar þessu var lokið, stóð hann hjá, með myndhöggvarahamarinn sinn í hendinni og hann leit á þetta minnismerki. Og andagift sýnarinnar, sem hann hafði séð, um það hvernig hann ætti að gera þetta, kom yfir hann af slíkum krafti, að hann... innblásturinn kom yfir hann, þar til hann varð frá sér numinn og sló á hnéð og sagði: “Talaðu.” Og núna er galli á hinni miklu mynd, á hnénu. Á hægri hnénu. Rétt fyrir ofan hnéð, um sex þumlunga fyrir ofan það er staður, ég hef sjálfur lagt hendi mína þar, um það bil svona djúpur.

39. Eftir að hann hafði eytt öllum þessum tíma í áraraddir, við að vinna þetta og verið undir áhrifum af sýninni. Að sjá það gengið í uppfyllingu, sem hann hafði séð í hjarta sínu og í sýn sinni og hafði þráð að sjá, nú var það fullkomnað. Og þegar það var fullgert, var hann svo innblásinn af því, að hann hélt að meistaraverk sitt gæti talað við sig. Og hann sló það á fótlegginn og hrópaði: “Talaðu!” Og það olli skemmd á höggmyndinni.

40. Fyrir mér er gallinn það sem gerði það að meistaraverki. Nú, ef til vill er sá til, sem hugsar öðruvísi, að þetta hafi skemmt það. Nei, fyrir mér er þetta það sem gerði það að því sem það er. Af því að eftir svo mörg ár vandaðrar vinnu og erfiðis og andagiftar og svo framvegis við að móta það, hafði erfiði hans ekki reynst til einskis. Það var fullkomið og þess vegna hrópaði hann: “Talaðu!” vegna þess að hann hafði séð fyrir framan sig að hann hafði náð takmarkinu, náð því takmarki að sýnin í huganum gengi í uppfyllingu. Og þess vegna, undir innblæstri, gerði hann eitthvað, sem var utan við alla skynsemi og mjög óvenjulegt. Hann sló það og hrópaði: “Talaðu!” Sjáðu til, hann hefði ekki gert þetta, ef hann hefði hugsað sig um. Það var innblástur þess að sjá það, sem hann hafði haft í huga, standa þarna fullkomið fyrir framan sig.

41. Erfiði hans og vökunætur og að vera aðskilinn frá heiminum í marga daga og borða ef til vill bara samloku. Og slípa það og slípa aftur og aftur: “Nei, þannig var þetta ekki. Nú verður þetta að vera svona,” og slípa það. Þegar hann síðan sá það, svo fullkomið, þá sá hann í raun og veru negatívu fyrirmyndina, sem hann hafði haft í huga. Hún var orðin raunveruleg, hún var orðin mynd. Þess vegna snart það hann svo. Og það var svo raunverulegt að hann varð að hrópa: “Talaðu!”

42. Fyrir mér er þetta endurspeglun. Það var hrós um verk hans, að hans eigið verk skyldi fylla hann svo af andagift, að hann varð frá sér numinn og sló það og sagði: “Talaðu!”

43. Ég stóð þarna og leit á afreksverkið og mér varð hugsað til allra klukkustundanna, sem þessi maður hlaut að hafa eytt við að vinna það. Þeir sögðu frá því hve mörg ár það voru. En það var endurspeglun af honum, af því að það var framlag til hans miklu

listar, hins mikla verks, sem hann vann. Og þegar hann loks hafði lokið því var það alveg stórkostlegt.

44. Nú skulum við snúa okkur frá Michelangelo og loka þeirri bók. Og við skulum opna aðra bók og lesa um hinn mikla myndhöggvara, hinn Almátka, sem hafði í huga hvað hann vildi, áður en heimurinn var grundvallaður. Og hann vildi skapa mann eftir sinni mynd. Hann vildi skapa eitthvað raunverulegt úr því sem var sýn fyrir honum, það sem var í huga hans.

45. Nú, fyrir Michelangelo var það eiginleiki í huga hans. Og Guð vildi skapa mann eftir sinni mynd (Hinn mikli myndhöggvari) og hann tók að vinna að myndinni. Og við tökum eftir, er Guð leiddi fram efniviðinn. Fyrst komu ef til vill fiskar, síðan fuglar og síðan skriðkvikindi og margt annað sem hann leiddi fram. En að lokum, er hann velti fyrir sér sköpuninni, var hann ekki eins og mannlegur myndhöggvari, sem verður að taka eitthvað skapað. Hann var myndhöggvari hinna eilífu hluta. Hann var myndhöggvari, sem gat skapað og látið verða til, það sem hann hafði í huga að gera. Eða, hann getur líka gert það efnislegt, sem eiginleikar hans þráðu.

46. Og hann fór að vinna að því sem skríður á jörðinni, litlu dýrunum á jörðinni. Síðan fór hann að vinna að því að leiða fram eitthvað hærra en það. Þá komu fram stærri dýr eins og ljón, tígrisdýr og birnir. Síðan komu ef til vill aparnir fram á sjónarsviðið. Og svo framvegis. Ekki þróun eins og við hugsum okkur hana. Það var fullkomin sköpun. Guð að vinna samkvæmt ákveðnu mynstri.

47. En að lokum steig fullkomin fram á jörðinni og það var maður. Og hann gat séð í þeim manni að hann líktist Guði. Svo, þegar Guð horfði á manninn, var hann endurspeglun þess, sem Skapari hans var. Guð hafði nú náð að leiða fram, það sem hann þráði, mann eftir sinni mynd.

48. Og leyfist mér að bæta því við, að þegar hann gerði þennan mann, þá var enn eitthvað, sem ekki leit út fyrir að vera alveg rétt, að hann var einn. Þannig hafði Guð verið, einn með sjálfum sér. Hann var hinn Eilífi. Svo að hann hlýtur að hafa slegið hann á síðuna og tekið þaðan hlutann sem féll af og síðan gerði Guð úr honum meðhjálp, konu. Þá var hann ekki lengur einn. Hann var... það var einhver með honum. Og það er hið mikla verk Guðs.

49. Og hann, eins og hver annar góður myndhöggvari, tók meistaraverkið sitt... Nú í upphafi hafði hann myndað meistaraverk af sjálfum sér, en meistaraverkið var einmana, eins og hann var sjálfur. Þannig að hann skipti meistaraverkinu, með því að slá á síðu þess og leiða fram meðhjálp.

50. Og nú, til að gera þau tvö eitt, þá setti hann þau eins og hver annar góður myndhöggvari, á stað sem var fallegur. Myndhöggvari myndi ekki taka mikið meistaraverk og setja það í dimman gang einhvers staðar, eða fela það á bak við byggingar. Eins og Drottinn sagði okkur: “Maður kveikir ekki á ljósi og felur það undir mælikeri.” Þegar við urðum meistaraverk Guðs, vorum við ekki falin einhvers staðar í undirgöngum. Við verðum að varpa frá okkur ljósi.

51. Svo við sjáum að Guð, eftir að hann hafði gert meistaraverk sitt, lét hann það á jörðina og á fallegasta stað sem til var, í aldingarðinn Eden. Hve það hlýtur að hafa

glatt hann, að sjá að meistaraverki hans leið vel. Eftir það komumst við að því að hann hvíldist. Hann var svo ánægður með verk sín.

52. Munið nú, að í mínum augum er meistaraverkið höggið, sem skemmdi meistaraverk Angelos og gerði það að afreksverki.

53. Og það var höggið, sem skar síðu meistaraverks hans, sem leiddi fram brúðina. Og nú sjáum við þau sem meistaraverksfjölskyldu í aldingarðinum Eden. Hve fagurt það var! Og Guð var svo ánægður, að hann... hann hvíldist eftir það. Hann sagði: “Ég ætla að hvílast.

En meðan hann hvíldist og treysti meistaraverki sínu, kom óvinur hans inn og fann hið mikla meistaraverk. Og hann skreið undir múra garðsins með svik í huga og síðan skemmdi hann fallega meistaraverkið. Hann, hann skemmdi það svo það féll.

54. Nú er ég að reyna að fylgjast með tímanum. Og ég bað Mike, frænda minn, að hringja bjöllunni eftir hálf tíma, en ég... hann gerði það ekki og ég er þegar búinn að vera í hálf tíma. En það er, höldum dálítið áfram. Skilurðu. Nú, ég vil ekki brjóta reglurnar... ég, ég bjó til reglurnar og ég... þetta er að brjóta eigin reglur.

55. Takið nú eftir. Þetta meistaraverk. Þegar Satan (lygarinn), náði í það — braut niður múrana og skemmdi þetta meistaraverk. Vegna þess hvernig hann gerði þetta... Hvernig fór hann að því? Ég ætla að ræða það nánar. Hann gerði þetta þannig. Fjölskyldan var umkringd Orðinu, Orði Guðs og þetta meistaraverk eða þessi fjölskylda, fékk styrk úr Orðinu. En það sem var brotið af, það sem brotnaði af hinu upprunalega fór út fyrir vegginn og það gaf Satan tækifæri til að skemma það. Og þið vitið hverju ég trúi um þessa hluti, þannig að ég þarf ekki að tala um það. En meistaraverkið var brotið.

56. En hinn mikli myndhöggvari, þegar hann sá fall fjölskyldu sinnar, var hann ekki tilbúinn til að láta hana liggja þarna á grúfu og í niðurbroti. Hann hófst undireins handa við að reisa hana upp á ný. Hann vildi ekki að hún myndi glatast við að liggja alltaf þarna. Af því að hann er Guð og hann lætur engan sigra sig. Þannig að hann hófst undireins handa við að skapa á ný eftir sinni mynd — mann.

57. Við komumst að því að hinn forni heimur fyrir flóðið eyðilagði allt saman, vegna þess að sáttmálinn sem gerður var, var háður skilyrðum. “Ef þú gerir ekki þetta, eða ef þú gerir þetta.” Guð, hinn mikli myndhöggvari, sá að maðurinn gat ekki haldið sáttmála. Hann getur það einfaldlega ekki. Það er ekki nokkur leið að hann geti það. Rétt áðan var ég að ræða við einstakling, sem er hér staddur á þessari stundu. Hún sagði: “En bróðir Branham, það er margt við mig, sem ég veit að er rangt.” Og þetta var guðrækin lítil kona.

58. Ég sagði: “En sjáðu til, systir, þú átt ekki að líta niður á sjálfa þig. Það er bara hvað maður þráir og hvað hann reynir að gera. Og ef einhver sannarlega elskar Drottin, reynir hann að þjóna honum af öllu hjarta og þá munu öll mistök hans verða hulin af blóði Drottins Jesú. Sjáið þið til. Hann bjó til veginn.”

59. Þannig að Guð fór að taka manninn út úr sáttmálanum sem segir: “Ef þú gerir þetta, þá mun ég.” Og hann byrjaði með mann að nafni Abraham og hann gaf Abraham sáttmála sem var án skilyrða. Í hvert sinn, sem hann hófst handa við að gera

meistaraverk, náði Satan í það, vegna þess að Orðið... en þegar Guð hófst handa með Abraham, sagði hann: “Ég hef þegar gert þetta. Þetta er án skilyrða, ekki: “Ef þú gerir þetta, þá mun ég,” heldur: “Ég hef þegar framkvæmt þetta.” Myndhöggvarinn er ákveðinn í að öðlast meistaraverkið sitt.

60. Síðan komu ættfeðurnir af Abraham... Hvað er Guð að gera? Hann er að byggja upp á nýjan leik, meistaraverkið, sem hafði fallið. Þannig að fyrsti ættfaðirinn var Abraham.

61. Fylgist nú með. Sérhvert meistaraverk er byggt á undirstöðu. Höggmynd Michelangelos af Móse stendur á 3 til 4 feta marmarapalli. Hún hefur undirstöðu. Þegar Guð var að undirbúa meistaraverkið, þá byggði hann það á undirstöðu feðranna. Og hinn fyrsti var Abraham, síðan Ísak, þá Jakob og loks Jósef, hin fjögur horn.

62. Abraham var grundvöllur trúarinnar. Við skulum segja að það séu fjórar undirstöður. Undirstaða trúarinnar var Abraham. Undirstaða kærleikans var Ísak. Undirstaða náðarinnar var Jakob (allir vita að Guð auðsýndi Jakob náð). En í Jósef var fullkomnun. Þar gat hann sett afreksverkið sitt. Ekki á fyrstu undirstöðuna, eða aðra eða þriðju, heldur á fjórðu undirstöðuna.

63. Abraham var auðvitað mynd af Kristi. Það var Ísak líka, í kærleika. Jakob gerði þetta fyrir náð Guðs. Af því að Jakob þýðir svikari og það var hann, en náð Guðs var með honum. En hvað Jósef varðar, þá var ekkert athugavert við hann. Aðeins ein lítil rispa, vegna þess að undirstaðan verður líka að vera meistaraverk. Þegar hann sagði föður sínum, spámanninum: “Segðu Faraó að þjónar þínir stundi kvikfjárrækt, en séu ekki hjarðmenn, af því að Egyptar hafa andstyggð á hjarðmönnum.”

64. En þegar gamli spámaðurinn kom fram fyrir Faraó, sagði hann: “Þjónar þínir eru hjarðmenn.” Þannig að þetta rispaði það, sjáðu til og það er þess vegna sem það er meistaraverk.

65. Nú er búið að leggja grunninn, gegnum trú, kærleika, náð og allt til fullkomunar, í gegnum feðurna. Nú, viðbótin, sem kom ofaná þetta mikla meistaraverk voru spámennirnir, sem voru Orðið.

66. Ég vona að þú getir lesið að þetta voru spámennirnir, ekki lögmálið! Spámennirnir, af því að spámennirnir voru hið staðfesta Orð, sem byggir upp líkamann, ekki feðurnir. Spámennirnir, þeir voru Orðið.

67. Að lokum, er Hann hófst handa allt frá dögum Móse og kom niður í gegnum spámennina, til þeirra allra, þannig byggði hann upp líkamann og nálgadist þetta meir og meir. Og mestur þeirra allra var Jóhannes. Biblían segir það: “Enginn af konu fæddur er meiri en Jóhannes skírari.” Af því að hann var sá sem gat kynnt Orðið. Og að lokum kom hið mikla höfuð, höfuð alls þessa. Hinir hlutar líkamans töluðu bara um það.

68. Grunnurinn var Feðurnir, en líkaminn var byggður upp af Orðinu, sem var spámennirnir. Og hér kemur höfuð þeirra allra; Jesús kom fram á sjónarsviðið. Þegar höfuðið var sett á það sjáum við í Jesú allt handarverk Guðs. Við sjáum í honum

fullkomnun Orðsins, fyllingu Orðsins. Nú á Guð aftur fullkomið meistaraverk, eins og Jesaja sagði: “Sjá þjón minn, meistaraverkið mitt. Ég hef í gegnum aldinar dregið upp mynd af þeim fullkomna sem átti að koma. Og nú stendur hann fullkomnaður fyrir framan mig!” Þarna, í hans eigin mynd; endurspeglaði Guð sjálfan. Hann sagði í Jóhannesi 14: “Sá sem hefur séð mig, hefur séð Föðurinn.”

69. Síðan: Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. Orðið var höggið út, til að endurspeglar það sem Orðið var í upphafi. Hann, Orðið endurspeglar í Meistaraverkinu, Hans eigin mynd. Guð aftur í sinni eigin mynd. Orðsins mynd endurvarpað í líkingu manns; Meistaraverkinu.

70. Allir spámennirnir höfðu galla, þeir voru allir aðeins smábrot af þessu. En hér er Meistaraverkið loks komið, hinn fullkomni. Enginn galli á honum. Fullkomin mynd byggingameistarans sjálfs endurspeglar í verki Hans. Guð og Kristur voru eitt, á slíkan hátt, að Guð setti sinn eigin Anda í Jesú og þá urðu myndin og byggingameistarinn eitt. Guð og höggmyndin, Meistaraverkið! Það sem Móse var í verki Michelangelos, var höggmynd, sem var dauð af því að hún var gerð úr steini. En hér steig hinn mikli byggingameistari inn í handarverk sitt, þegar hann hafði fullkomnað það.

71. Svo fullkominn að allri gerð, Endurlausnari mannkynsins, guðdómlegur (samt var hann ekki fagur að okkur sýndist til um Hann). Þessi sonur hins lifanda Guðs, fæddur af meyju, varð svo fullkominn, svo auðmjúkur og ímynd Guðs, þar til hinn mikli meistari, sem hafði leitt þetta líf fram í gegnum spámennina... (og hann var uppfylling allra spámannanna). Hann var svo fullkominn, að þegar Guð sá hann, þá sló hann hann og hann hefur hrópað: “Talaðu!,” Eins og Michelangelo gerði: “Talaðu!”

72. Þú segir: “Er það svo?” Við sjáum í Markúsi 9:7, að á Ummyndunarfallinu stóð Móse, sem var lögmálið, þar var Elía, sem var spámennirnir. Alla leið frá ættfeðrunum, ættfeðurnir, lögmálið, spámennirnir og þarna stóðu þeir allir. Rödd heyrðist tala úr skýinu sem sagði: “Þessi er minn elskaði sonur, hlýðið á hann.” Og ef þeir hlusta, þá hlýtur Guð að tala. Þetta var aðeins nokkrum dögum áður en hann var sleginn. “Þessi er minn elskaði sonur, í honum hef ég velþóknun á að dvelja. Ég hef mótað hann. Það hefur tekið mig fjögur þúsund ár að leiða hann til þessarar stundar. Og nú er hann svo fullkominn, að ég verð að slá hann, til að hann geti talað. Hlýðið á hann! Hann er hinn fullkomni. Hann... hann er meistaraverkið.”

73. Munið, að það var dregin upp mynd af honum í gegnum Gamla testamentið. Við sjáum hann í eyðimörkinni. Hann var kletturinn sem var sleginn. “Ég er kletturinn í eyðimörkinni.” En það var steinn, sem enn var ekki orðinn fullkominn. En hann fylgdi kirkjunni sem táknmynd, til að draga það fram, sem hægt var að draga fram og gefa þeim líf, sem hægt var að gefa líf. En hann var kletturinn í eyðimörkinni. Hann var ekki enn orðinn maður, hann var aðeins táknmynd.

74. Móse sá hann standa á klettinum. Hann sá Guð fara hjá og hann sagði: “Það var bakhluti manns.” Sjáðu til, myndhöggvarinn var að sýna Móse, hver væri möguleg mynd Kristis. Hverju hið mikla meistaraverk myndi líkjast, þegar það væri orðið fullkomið. Það var bakhluti manns, er það fór framhjá í eyðimörkinni.

75. Munið að Angelo gat aðeins hrópað og slegið styttuna og sagt: “Talaðu!” En hve ólíkt var það ekki með Guð, hinn mikla myndhöggvara. Þegar hann skapaði mann í sinni mynd, svo fullkominn, að það var mynd hans og maðurinn sýndi hvers Guð var megnugur. Guð talaði gegnum mynd manns og sýndi hvað hann ætlaði að gera. Hann talaði í gegnum spámennina, þar sem þeir voru hugsanleg ímynd hans, er hann var að leiða fram myndina allt að höfðinu. En þegar kom að höfðinu, þá var hann öll ímynd Guðs, Hann var að móta mynd af sjálfum sér. Síðan var hann sleginn okkar vegna. Nú er hann meistaraverk fyrir okkur; gjöf Guðs, Jesús Kristur, eilífa lífið. Ég vona að við gleymum því aldrei.

76. Er við sjáum að dagarnir eru að hjúpast myrkri og við sjáum skuggana færast yfir... ég tel að það séu aðeins fáir snúningar um sólu eftir, þá er þessi þjóð er búin að vera. Vitið þið, að í gær var 4. júlí, þegar Thomas Jefferson undirritaði sjálfstæðisyfirlýsinguna, hann og nefndin sem var með honum og klukkur sjálfstæðisins klingdu og það var lýst yfir sjálfstæði okkar sem þjóðar. Samkvæmt sögunni hefur ekkert lýðræði varað lengur en tvö hundruð ár. Og þetta var 4. júlí árið 1776. Og það eru aðeins ellefu ár eftir. Mun það standast? Nei, það sé ég ekki fram á. Ellefu ár, og ef það stenst, mun það brjóta ramma sögunnar.

77. Og við sjáum ástand tímanna. Við sjáum ástand lýðsins. Við sjáum ástandið í stjórnmalunum. Við sjáum ástandið í heiminum. Þessi heimur getur ekki staðist. Hann hlýtur að sökkva, alveg eins og Titanic. Hann verður að sökkva, til að það verði svigrúm. Ein þjóð gefur annarri svigrúm, er hún fellur. Og þetta ríki hlýtur að falla og öll önnur ríki, til að gefa svigrúm ríkinu sem koma skal, sem ekki mun falla. Því að við fáum ríki er ekki fær bifast, gegnum hina fullkomnu mynd Guðs, Meistaraverkið.

78. Þegar Guð leit á hann fagnaði hann mjög. Hann var svo... að sjá hvernig hann leit út og sjá mynd hans! Hann var svo innblásinn af því að það yrði fullkomið meistaraverk af endurlausnara. Jesús, endurlausnarinn. Svo Guð, til að verða sjálfur sleginn, til að taka út eigin refsingu, þá varð Guð og Kristur eitt, svo hægt væri að slá mynd Guðs, til að hann gæti verið særður. Og þess vegna segir Jesaja: “Vér álitum hann refsaðan, sleginn af Guði, en hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða. Hegningin, sem vér höfðum til unnið, kom niður á honum og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir.”

79. Hin fullkomna mynd af Guði í manni! Form Guðs (*en morphe:á grísku*) hafði umbreyt frá því að vera í hinu yfirnáttúrulega yfir í sýn og sýninni var varpað yfir í mynd. Og myndin var slegin, til að hið yfirnáttúrulega gæti bragðað á tilfinningu dauðans, hið fullkomna meistaraverk Guðs.

80. Hann gat ekki gert þetta í Móse. Hann gat ekki gert þetta í spámönnunum. Jesaja, sem var brytjaður niður með sög. Hann gat ekki gert þetta í spámönnunum, sem voru grýttir. Hann gat ekki gert það, vegna þess að hann fann ekki fyrir því. Þeir voru aðeins brot af honum. En í þessu fullkomna meistaraverki var hann fylling Guðdómsins líkamlega. Hann gat ekki aðeins verið endurskin frá Móse. Hann gat endurvarpað allri veru sinni í þennan einstakling og bragðað á dauðanum fyrir allt mannkynið. Hið fullkomna meistaraverk Guðs. Guð var svo innblásinn af að sjá það, að hann gerðist endurlausnari allra alda, til að tala fyrir þá sem eru í baksýn, þá sem hafa verið og eru núna. Öll fyrirheitin uppfylltust í honum. Hann var fullkomnun fullkomnunarinnar. Allar táknmyndir rættust í honum, lausnarmanni okkar, í Rut og

Bóasi, í löggjafa okkar frá Sínaíffjalli. Spámaður okkar frá óbyggðunum, er hann kom af fjallinu, er Hann kom úr eilífðinni og gerðist maður, hin fullkomna mynd!

81. Guð var að höggva þetta til, í gegnum aldirnar, gegnum ættfeðurna og hann bjó til pallinn og leiddi þá fram úr öllu því sem hann ætlaði að nota í undirstöðuna. Á þessu byrjaði Guð að byggja sitt Orð, spámennina. Og síðan leiddi þetta að lokum til hins fullkomna spámanns, hinnar fullkomnu undirstöðu, hinnar fullkomnu sýnar, sem Guð hafði.

82. Og nú, til að fá þetta til að tala, hann er Orðið. Og til að Orðið myndi tala, varð hann að stíga inn í myndina. Og til að myndin síðan myndi tala, varð að slá hana. Hann stígur inn í myndina og síðan talar hann. Hinn fullkomni endurlausnari.

83. Allar skuggamyndir Gamla testamentisins urðu augljósar í honum. Eins og ég sagði um daginn: “Jehóva Gamla testamentisins er Jesús hins Nýja. Já!”

84. Eins og svo mörg ykkar á mínum aldri þekkja, voru mörg kínversk þvottahús út um allt land. Þegar Kínverjar byrjuðu að koma til landsins, komu þeir frá Vesturströndinni og færðu sig til austurs. Og þegar þeir gerðu það, voru þeir þjód sem þekkti ekki mál okkar og siðvenjur. En þeir voru góðir þvottamenn. Og þeir gátu ekki skrifað miðann, sem þú áttir að fá til að þú fengir þvottinn þinn til baka. En Kínverjinn náði sér í lítil kort, sem ekkert var skrifað á. Þegar viðskiptavinur kom með þvottinn sinn, þá tók hann þennan miða og reif hann á vissan hátt. Síðan afhenti hann manni annan helminginn og hélt hinum eftir. Það er öllu betra fyrirkomulag en það sem við höfum núna, vegna þess að þegar einhver kom til að ná í sitt eigið, þá urðu þessir tveir helmingar að falla saman. Það var ekki hægt að herma eftir því. Það var engin leið til þess. Það er hægt að líkja eftir stöfum, en ekki eftir svona rifu. Miðinn varð að passa nákvæmlega við hinn helminginn. Þess vegna gat maður endurheimt óhreinu fötin, sem lögð höfðu verið inn, með því að framvísa þessum miða. af því að hann passaði við miðann sem var skilinn eftir.

85. Og þegar Guð dæmdi okkur syndarana gegnum spámennina og lögmálið, og lögmálið hefur enga náð. Það segir okkur aðeins að við séum syndarar, en þegar Jesús kom fram á sjónarsviðið, þá var hann uppfyllingin, þá var hann uppfylling allra fyrirheita Guðs. Hann var hin fullkomna, nákvæmlega sanna eftirmynd fyrirheitsins. Þess vegna rættust öll fyrirheit Gamla testamentisins í Jesú Kristi. Þau gátu ekki ræst í Móse, þau gátu ekki ræst í neinum af spámönnunum, en þau rættust í Meistaraverkinu. Það passaði við allt sem það hafði sagst verða. Á sama hátt verður kirkjan að passa við öll þau fyrirheit, sem Guð hefur gefið. Það verður að vera hlutinn, sem brotinn hefur verið af því. Þannig að ef Orðið er hið upprunalega, þá verða einstaklingarnir, sem teknir hafa verið úr því að vera Orðið, til að passa við hlið þess.

86. Þess vegna gastu kafið Kínverjann um... Þar sem lögmálið dæmir þig og segir að þú sért skítugur og sekur og það gat því varpað þér í fangelsi. En þegar Jesús kom, hann sem var mótparturinn sem passaði við, þá gat hann leyst þig til baka með hinum fullkomna farniða endurlausnarinnar, sem Guð hafði lofað í aldingarðinum Eden: “Sæði þitt skal merja höfuð höggormsins, en þú munt merja hæl þess.”

87. Nú sjáum við hið fullkomna meistaraverk, sem Guð hafði fullgert. Við tökum eftir að hann var allt sem búið var að gefa loforð um. Hann er öll fyrirheitin, allir spámennirnir. Allt sem Guð hafði gefið fyrirheit um. “Sæði þitt mun merja höfuð höggormsins.” Nú, hann gat ekki marið það með lögmálinu. Hann gat ekki marið það með spámönnunum, en hann gerði þetta þegar sæði konunnar varð meistaraverkið, Kristur. Hann var steinninn sem Daníel sá að losnaði úr fjallinu. Hann var sá sem gat slegið. Hann var sá sem gat marið, marið höfuð höggormsins.

88. Við sjáum að líf Jesú var líkt lífi Móse. Líf hans líktist lífi Davíðs. Við skulum sjá hvort hann er hlutinn sem passar.

89. Takið eftir Davíð, konunginum sem hafði verið hafnað af sínum eigin lýð. Dag einn var hann... Hans eigin sonur gerði uppreisn gegn honum og orsakaði klofning í herjum Ísraels og aðskilnað. Og hann, Davíð var rekinn frá hásæti sínu af sínum eigin lýð. Og á leiðinni þaðan var maður, sem hataði hann og hann gekk þarna að og hrækti á Davíð. Vörðurinn dró fram sverð sitt og sagði: “Ég skal höggva af honum höfuðið, hann hrækir á konunginn minn.” Davíð sagði: “Láttu hann vera, Guð sagði honum að gera þetta.” Sérð þú þetta ekki? “Harmkvælamaður og kunnugur þjáningum.” Hann er sem lamb, sem verið er að rýja, lýkur ekki upp munn sínum. Þeir... hann sagði það. Ef til vill vissi Davíð ekki hvað hann var að segja.

90. En um sex hundruð árum seinna, eða örlítið meira, var sonur Davíðs að ganga um þessi sömu stræti og það var hrækt á hann. En takið eftir hvað gerðist þegar Davíð var orðinn flóttamaður og í útleigð og þegar hann sneri aftur, grátbað sami maður um náð og miskunn. Jafnvel þeir sem slógu hann, munu sjá hann dag einn er Jesús kemur aftur.

91. Við sjáum síðan Jósef. Hann var sérstakur drengur, alveg frá fæðingu. Hann var síðasti og efsti hluti undirstöðunnar, sem byggja átti meistaraverkið á. Það kom frá trú til kærleika, til náðar og síðan allt til fullkomnunar. Og þannig komst það frá upphafi vega til fullkomnunar í Kristi. Takið eftir hvernig það var dregin upp mynd af honum í Jósef, efsta hluta undirstöðunnar, hinum fullkomnasta af þeim öllum. Við sjáum að Jósef fæddist inn í sína fjölskyldu. Og hann var fæddur af löglegri eiginkonu, sem var eiginkona Jakobs. Og takið eftir að þegar hann fæddist elskaði faðir hans hann og bræður hans hötuðu hann án saka. Af hverju hötuðu þeir hann? Af því að hann var Orðið. Sérðu sjálfa undirstöðuna? Sérðu hvernig efsti hluti undirstöðunnar kemur í ljós? Sjáum nú höfuð líkamans koma. Sjáið nú höfuð brúðarinnar koma. Hann var Orðið, sjáðu til.

92. Og þeir hötuðu hann, vegna þess að hann var sjáandi. Hann sá hluti fyrir og sagði þeim frá því. Þeir urðu... Það var alveg sama hve langan tíma það tók, það gerðist samt sem áður. Og fyrir það að vera andlegur, var hann gerður brottrækur af bræðrum sínum. Þeir hefðu átt að elska hann. En þeir hötuðu hann, vegna þess að hann var spáamaður og hann var andlegur. Og þeir hötuðu hann.

93. Takið eftir að hann var seldur fyrir álíka upphæð og þrjátíu silfurpeninga, varpað í gryfju og álitinn dáinn, en hann var hafinn upp úr gryfjunni. Og er hans var freistað í fangelsinu, bakarinn og byrlarinn... við vitum að byrlarinn bjargaðist og bakarinn

glataðist. Og í fangelsi Krists, á krossinum, frelsaðist annar og hinn glataðist, tveir þjófar, tveir illvirkjar.

94. Og við sjáum, að hann var færður úr fangelsinu, til hægri handar Faraós, á þann máta, að enginn gat talað við Faraó nema í gegnum Jósef. Og þegar Jósef yfirgaf háseti Faraós og lúðrarnir hljómuðu um allt Egyptaland, þá kom kallið og það var: “Beygið kné ykkar öllsömul, Jósef er að koma.”

95. Þannig mun það verða með Jesú. Hve hann var elskaður af Föðurnum og hataður af kirkjudeildarbræðrunum, án saka. Hann var seldur fyrir 30 silfurpeninga og varpað í gryfju, talinn vera dáinn og á krossinum glataðist annar og hinn frelsaðist. Og Hann var hafinn upp af krossinum og situr við hægri hönd Guðs, í hátign sinni, Hins mikla Anda sem opinberaðist í honum. Og enginn maður getur talað við Guð, nema í gegnum Jesú Krist. Hugsid ykkur það! Og þegar Jesús yfirgefur hásetið, mun lúðurinn hljóma og hvert kné mun beygja sig og hver tunga játa. Munið að hann var sonur velmegunar. Allt sem hann gerði var blessað. Hvort sem það var í fangelsi eða hvar sem það var, þá lánaðist honum allt.

96. Og hefur Guð ekki lofað börnum sínum að hann muni láta allt samverka til góðs. Hvort sem það eru sjúkdómar, fangelsi, dauði, sorg, hvað sem það er, þá mun það allt samverka til góðs, þeim er Guð elska. Hann lofaði því og það verður að vera svo. Það hlýtur að vera svo. Það er táknað, talað til okkar í Honum. Hann var hin fullkomna mynd Guðs.

97. Við sjáum líka hér, að þegar hann kemur aftur... Munið að Jósef bjargaði heiminum fyrir opinberun, með hinum stórkostlega spádómi sínum. Heimurinn hefði farist, hefði það ekki verið fyrir Jósef. Og heimurinn hefði farist, hefði það ekki verið fyrir Jesú. “Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til að hver sem á hann trúir glattist ekki.” Guð varðveitir líf.

98. Þannig gætum við lengi haldið áfram. Vegna þess að Hann var einfaldlega það sem passaði við Davíð. Hann passaði við Móse. Hann passaði við Elía. Hann passaði við Jósef. Allt sem dregin er upp mynd af, eða sagt fyrir um í Gamla testamentinu, passaði nákvæmlega við þetta. (Hvað er það?) Það er til að við sjáum fullkominn endurlausnara. Að við gætum farið með skítuga þvottinn okkar í þvottahúsið – farið og krafist hans aftur. Hann hefur verið þvegin í blóði lambsins. Við getum krafist þess, sem er okkar eigið. Og við getum krafist alls þess sem Jesús dó fyrir.

99. Þó að hann væri hið fullkomna Orð uppmálað, þóknaðist Guði, hinum mikla myndhöggvara að slá hann og að gera þetta á þennan hátt. Við sjáum hann í Jesaja hér eins og ég las: “Vér álitum hann sleginn. Við byrgðum andlit okkar fyrir honum, það var enginn glæsileiki að okkur fyndist til um hann.” Allir töluðu um hann og gerðu grín að honum, nú er ég að tala um okkar daga. Vér álitum hann, vér saum hann. (Að álíta þýðir að sjá.) “Vér álitum hann refsaðan, sleginn af Guði og lítillættan” En til hvers gerði Guð þetta? “Hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða.”

100. Já, við gætum lengi haldið áfram með þetta, en ég trúi að þú hafir nú fengið mynd af því sem ég á við. Guð, sem er að endurreisa meistaraverkið sitt.

101. En við skulum ekki gleyma, að í upphafi þegar hann sló síðu Adams, þá tók hann eitthvað úr síðu hans. Nú, Kristur var sleginn í þeim tilgangi að Guð gæti tekið af honum það sem myndar fjölskyldu, brúðina. Svo Hann gæti tekið brúði handa honum. Þegar meistaraverkið var fullkomnað, þá varð Guð að slá það, til að taka af honum, ekki annað stykki, ekki aðra sköpun, heldur eitthvað af sömu sköpun.

102. Bróðir minn, ekki taka þessu illa, en hugsaðu um þetta. Ef Guð tók af honum, hinni upprunalegu sköpun, til að gera handa honum brúði, þá skapaði hann aldrei aðra sköpun. Hann tók stykki af hinni upprunalegu sköpun. Því ef hann var Orðið, hvað hlýtur þá brúðurin að vera? Hún hlýtur að vera hið upprunalega Orð — Guð, sem er hið lifandi Orð.

103. Í Kimberley í Suður-Afríku, var ég eitt sinn að skoða demanta, hvernig þeir voru teknir upp úr jörðinni. Og ég sá þá liggja þarna. Yfirmaður námunnar var einn af samkomuþjónunum hjá mér við bænaröðina. Og ég tók eftir demöntunum, sem voru metnir á tugi þúsunda dollara. Þeir lágu þarna í einum haug, en þeir glitruðu ekki einu sinni undir ljósinu. Og ég sagði við yfirmann námanna: “Af hverju glitra þeir ekki?”

104. Hann sagði: “Það er ekki búið að skera þá ennþá. Það verður að skera þá. Þegar þeir síðan hafa verið skornir, þá endurvarpa þeir ljósinu.” Hér er það komið.

105. Það verður að skera meistaraverkið. Og takið eftir til hvers verður að skera það. Er hluti skorinn af? Nei, nei, úr því sem er skorið af, er búin til hljómplötunál og hún er sett á plötu með tónlist sem heimurinn hefur ekki heyrt. En nálin er það sem leiðir það fram, leiðir fram hina sönnu túlkun Orðsins.

106. Líf Jesú passaði fyrir allar þjóðir. Guði þóknaðist að kremja hann og hvers vegna kramdi Guð hann? Af sömu ástæðu og hann varð að kremja Adam.

107. Núna sjáum við hann sem refsaðan, sleginn af Guði og lítillættan, hið fullkomna lamb, slátrað fyrir synduga menn. Fullkomið meistaraverk.

108. Í nærri tvö þúsund ár hefur Guð aftur verið að búa til meistaraverk handa honum. Af því að Guð sló Adam, til að fá hluta af honum, rifbein til að búa til konu handa honum. Og Guð sló hið fullkomna meistaraverk á Golgata og tók hluta af honum. Það er Nýja testamentið, það er allt og sumt. Hann uppfyllti Gamla testamentið. Nú er það Nýja testamentið. Nýr hluti sem þarf að uppfylla. Sjáið þið til, hið Nýja og hið Gamla eru eiginmaður og eiginkona, skilurðu og það þarf hið Gamla til að segja fyrir um hið Nýja, að Kristur kæmi, meistaraverkið til að uppfylla það. Brúðurin mun uppfylla allt sem er í Nýja testamentinu. Það er verið að búa til annað meistaraverk.

109. Eins og það tók hann 4000 ár að búa til meistaraverkið sitt, eins hefur hann verið í næstum tvö þúsund ár að búa til annað meistaraverk, brúði fyrir Krist, nýtt meistaraverk. Er hann býr það til, gerir hann það með sinni óumbreytanlegu aðferð, alveg eins og hann gerði meistaraverkið, með Orði sínu. Það er þannig, sem hann gerir meistaraverkið, af því það getur aðeins verið fullkomið Meistaraverk, þegar það er hið fullkomna Orð. Öll óhreinindi, rusl og samansull mun brotna niður. “Himinn og jörð munu líða undir lok, en Orðið mun aldrei undir lok líða.” Þið munið, að til að skera demanta, verður að hafa hið fullkomna verkfæri til að gera þetta með, það er

ekki hægt með hverju sem er. Ég hef séð stórar mulningsvélar taka fleiri tonn í gegnum sig og skila út demantinum. Nei, meðferðin brýtur ekki demantinn, því það verður að skera hann.

110. Nú er hann að gera það sama með sinni óumbreytanlegu aðferð. Við komumst að því, að í Malakí 3. kafla sagði hann: “Ég, Guð, hefi ekki breytt mér.” Hann getur ekki breytt um aðferð. Hann byrjaði með Abraham. Hann byrjaði að leggja grundvöll með Abraham, eftir fall fyrsta meistaraverksins. Grundvöll að því að mynda annað Meistaraverk.

111. Á hvítasunnudag byrjaði hann annað meistaraverk, hið upprunalega sæði, Orðið. Það hófst með fyrstu kirkjunni. Hvað var það? Sæðið, Orðið, Orðið í birtingu sinni, fyrirheitið, sem gefið hafði verið. Jóel sagði: “Það mun verða á síðustu tímum, segir Drottinn, að ég mun úthella anda mínum yfir allt hold. Synir yðar og dætur munu spá, gamalmenni yðar mun drauma dreyma og ungmenni yðar munu sjá sýnir.” Það sem hann ætlaði að gera á síðustu dögum, á síðustu tvö þúsund árum.

112. Takið eftir að það byrjaði ekta Orð og Jesús sagði að Orð Guðs væri sæðið sem sáðmaðurinn sáði. Og hann var sáðmaðurinn. Sæðið var Orðið. Og takið eftir að sæði sem er eitt, gerir ekki neitt. Það verður að falla í jörðina og deyja til að framleiða eitthvað. Og þetta sæði, hin fullkomna kirkja, féll í jörðina í Níkeu — í Róm þegar hún varð stöðnuð kirkjudeild.

113. Munið þið nú, sagnfræðingar og þið sem komið til með að hlusta á þessa spólu, gangið úr skugga um og athugið hvort þetta sé ekki rétt. Kirkjan dó í Níkeu — í Róm, þegar hún tók upp kreddur og hefðir og lét þær koma í stað hins upprunalega Orðs. Hvað var það? Guð var búinn að sýna með þessari fyrstu kirkju að hann var Guð. Hann var með fullkomna kirkju, en kirkjan eins og allt annað sæði, varð að falla í jörðina og deyja. Nú, það féll í jörðina og dó og eyddist upp.

114. Veistu, ég var að lesa bók ekki alls fyrir löngu. Einhver skrifaði bók og kallaði hana: “*Hinn þöguli Guð.*” Ef til vill hefur þú lesið hana. Ég man ekki... ég held að Brumbach... nei, ég man það ekki. Ég er ekki viss um hver skrifaði hana. Ég man það ekki. Ég er með bókina á skrifstofunni minni. Það stendur í bókinni *Hinn þöguli Guð*: “Guð sat hljóður á árum myrku aldanna og hreyfði aldrei litla fingur og fylgdist með trúföstum píslarvottum vera varpað fyrir gin ljóna og brenndir af Rómverjum. Það voru alls kyns aftökur. Þeir afklæddu konurnar og kveiktu í síðu hári þeirra með logandi tjöru og brenndu þær. Munið að stutt hár byrjaði í Róm. Og eiginkonur kristinna manna voru með sítt hár, svo að þeir dýfðu því í tjöru og brenndu þær og það naktar. Þau urðu fæða fyrir ljón. Og þessi rithöfundur heldur áfram og segir: “Hvar var þessi Guð?” Ó, hve blindur er maðurinn stundum. Veistu ekki að þetta sæði varð að deyja? Hann reyndi aldrei að frelsa þá. Þeir féllu sigrandi. Þeir féllu, þeim blæddi og þeir voru deyjandi. Þeir gáfu líf sitt. Hvers vegna? Þeir voru hveitikornið. Það varð fyrst að falla í jörðina og deyja. Jóhannes 12 segir okkur að hveitikornið verði fyrst að falla í jörðina og deyja og ekki aðeins deyja, heldur rotna. En kirkjudeildin vissi lítið um það, að Lífið var enn þarna inni.

115. Níkeuráðið kom saman, í fimmtán daga blóðugum stjórn málaumræðum. Hefðarmennirnir komu inn og vildu koma þessum háttsettu mönnum inn í kirkjuna. Og spámennirnir komu úr eyðimörkinni, þar sem þeir borðuðu jurtir og þeir voru

klæddir í skinn, ekta spámenn og menn hentu spámönnunum út. Hvers vegna? Sæðið varð að falla í jörðina og deyja. Það verður að deyja.

116. Það dó á hinum myrku miðöldum, hulið af hinum dimma skít. Þeir héldu að það væri búið að vera. Þið vitið í Jóhannesi 12:24 segir Jesús: “Ef hveitikornið fellur ekki í jörðina og deyr, verður það áfram eitt.” Fyrsta kirkjan var þessi æxlun, þessi brúður, hveitikornið. Orðið sem opinberaðist og féll í jörðina í Níkeu — í Róm. (Bróðir Branham slær nokkrum sinnum í púltið.)

117. Hlýðið á, söfnuðir út um allan heim, þið sem hlustið á þetta. Hér er saurugleiki ykkar kominn — kirkjudeildirnar. Það er þar sem Orðið var krossfest og þeir tóku við kreddum manna. Og í mörg hundruð ár dimmra alda, var kraftur og opinberun Orðsins hulin heiminum. Aðeins kaþólskan ríkti. Við vitum það öll í gegnum söguna. Aðeins kaþólskan ríkti. En það er ekki hægt að fela hið spíraða frækorn. Það hlýtur að koma fram, vegna þess að hinn mikli myndhöggvari er að starfa. Hann ætlar að endurreisa svo að hann...

118. Sæðið féll í jörðina, Orðið.

119. Við sjáum síðan Pál postula, Pétur, Jakob og Jóhannes, alla þá sem rituðu Orðið. Og þeir rituðu. Orðið sem þeir rituðu varð lifandi og það lifði og það lifði. Og síðan eftir að það fór að þroskast og Jóhannes fór að rita bréfin, var hann settur út á eyrna Patmos eftir að hann hafði verið soðinn í olíu í heilan sólarhring. En Orðið verður að koma fram. Það verður að skrifa það. Þeir gátu ekki soðið Heilagan anda úr honum með olíu, svo að hann kom út úr því. Verki hans var ekki lokið. Hann dó eðlilegum dauðdaga.

120. Polycarpus, sem var lærisveinn Jóhannesar, bar Orðið áfram veginn og eftir Polycarpus kom Ireaneus. Og Ireaneus var mikill Guðsmaður, sem trúði á sama fagnaðarerið og við. “Orð Guðs er satt.” Kirkjan reyndi að henda því út.

121. Að lokum kom að Níkeu — í Róm. Þar féll það í jörðina (eftir heilagan Marteinn) og var myrt. Heilagur Marteinn trúði því sama og við. Hann stóð fyrir alveg það sama, skírni Heilags anda og niðurdýfingarskírni í Jesú nafni. Hann stóð með alveg því sama og við. Hann var spámaður og trúði öllu Orði Guðs. Og að lokum var það krossfest og kramið niður í jörðina. Það lá þar í mörg hundruð ár, allt þar til það rotnaði að utan. Hveitikorn. Gömlu líkamarnir voru orðnir rottnir. Ég hef verið í katakombunum í Saint Angelo og séð hvar þeir dóu og hin brotnu bein þeirra og allt saman. Þeir rotnuðu að lokum, þar til líkamir þeirra voru horfnir, en Lífið var þar ennþá.

122. Hveitikornið, sem féll í jörðina við Níkeuráðstefnuna, byrjaði að spíra á ný í Marteini Lúter. Eins og allt hveiti sem kemur upp, eftir að fræið er orðið rotið, tekur lífið að koma í ljós. Og það tók að koma í ljós með Marteini Lúter. Hvað gerði hann allra fyrst? Hafnaði kirkjudeildinni, kaþólsku kirkjunni. Hann mótmælti og sagði að hún hefði rangt fyrir sér. “Af því,” sagði hann, “að hinn réttláti mun lifa fyrir trú.” Hvað var þetta? Lítið, veikt líf, sem skaut tveimur öngum upp úr jörðinni. Það voru Lúterstrúarmenn. Það lítur vissulega ekki út eins og fræið, sem féll í jörðina, en nú er Lífið að birtast.

123. Síðan varð það að stilk. Hvað gerðist svo? Hvað gerði Guð á dögum John Wesley, þegar hann leiddi fram helgunina? Lúterstrúarmenn höfðu skipulagt sig og búið til samtök. Hann hélt sig við Orðið. Og hvað gerðist þá? Lúterstrúarmenn höfðu skipulagt sig og búið til hreyfingu, þannig að það var kominn tími til að eitthvað gerðist. Nú var verið að skapa meistaraverkið. Hvað gerði hann? Hvað gerði hann? Hann mótmælti anglikönsku kirkjunni, kom út úr siðbreytingunni sem brúskur. Hvað er það? Sæðið, sem er að verða líf. Það er nú tekið að vaxa.

124. Stilkurinn lítur ekki út eins og sæðið og það gerir brúskurinn ekki heldur.

125. Nú, hvítasunnubræður mínir út um allan heim. Ég vil að þú hlýðir á, bróðir minn, sé þetta síðasti boðskapurinn, sem ég prédika. Þetta er meistaraverkið mitt. Tekur þú eftir því að fræið, sem féll í jörðina, tekur aftur að taka á sig mynd... að verða fræ á nýjan leik?

126. Takið eftir náttúrunni. Náttúran er nákvæmlega eins og Guð. Guð starfar í náttúrunni. Allt sem náttúran getur, er það sem Guð vinnur í henni. En þeir héldu að hvítasunnvakningin væri sæðið. Hún var það ekki. Hlustið þið nú. En eitthvað kom fram, sem líktist sæðinu. Takið nú eftir hvað Jesús sagði í Matteusi 24:24 “Að andarnir tveir myndu verða svo líkir, að þeir myndu blekkja, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.”

127. Stilkurinn lítur ekki út eins og hveitikornið, né lítur brúskurinn út eins og kornið. En takið nú eftir, ekki á dögum Lúters, heldur á síðustu tímum.

128. Það fyrsta. (Það eru hveitibændur hér staddir.) Það fyrsta sem kemur fram á hveitikorninu, gætir þú næstum haldið að væri korn, en hvað er það? Það er fræbelgurinn. Það myndar lítinn hlut utan á, sem fræið er inni í. Það myndar brúskinn. En hýðið er ekki hveitikornið, fremur en brúskurinn eða stilkurinn eru það. Það er aðeins sæðið sem ber lífið í sér, hveitikornið sem Jesú talar um í Jóhannesi 12.

129. Eftir brúskinn (eftir Wesley), framleiðir hveitiplantan hýðið, sem er líkara korninu en allt annað. Hýðið líkist korninu mest, verður meir og meir eins og kornið sem féll í jörðina. Og þegar það kemur fram í stilknum, þá er líf í því, en það er svo sannarlega ekki kornið. Brúskurinn kemur fram, en er enn ekki fræið. Og síðan kemur fræbelgurinn fram og hann líkist hveitinu, er alveg eins og hveitikorn, en er samt ekki hveitið. En er nákvæmlega í sömu mynd.

130. Hvítasunnnumenn komu fram og líktust hveitinu. Hver sprettur upp af öðrum, en eru aðeins þáttur í framvindunni. Þeir verða að fara inn í kirkjudeildir. Og það er það sem Hvítasunnhreyfingin gerði, hún varð að fara inn í kirkjudeild. Og hvað gerði Hvítasunnhreyfingin, þegar hún kom fram og var alveg eins og hveitikornið? Hún sneri beint aftur, alveg eins og í 17. kafla Opinberunarbókarinnar, til einnar af systurkirkjudeildum sínum. Það er einmitt það sem Jesús sagði.

131. Fylgist nú með. Fagnaðarerindið kom fram, í gegnum Lúter, gegnum Wesley og allt til Hvítasunnvakningarinnar og á síðustu tímum mun það blekkja hina útvöldu, ef orðið gæti. Hina útvöldu! Ó, hvítasunnubræður, sjáið þið þetta ekki?

132. Hveitið líkist í byrjun korninu þegar það byrjar að mótast eins og korn, en það er fræbelgurinn. Það varð að kirkjudeild, alveg það sama og þeir gerðu þarna hjá Lúter. Opinberunarbókin 17. kafli sannar það sama um kirkjurnar.

133. Upprunalega frækornið dó í Nikeu af því að það varð fyrsta kirkjudeildin. Takið eftir, lífið sem var í stilknum, brúsknum, það endar allt með fræinu. Lífið sem var í upprunalega fræinu, kom upp í gegnum þrjú mismunandi þrep, sneri síðan aftur til síns upprunalega ástands.

134. Hallelúja! Ó, góði Guð. Ég er hamingjusamasti maður í öllum heiminum, að Guð skuli hafa leyft mér að sjá þetta!

135. Takið eftir hve fullkomlega Orðið og náttúran vinna saman. Alveg eins og við sönnnum upprisuna — sólarupprásin og sólarlagið, síðan sólarupprás á ný. Laufblaðið, sem fellur af trénu, hverfur í jörðina, í rótina, safinn færast upp á við og síðan kemur laufblaðið aftur á ný og fellur í jörðina, líf trésins sýgur það í sig aftur, kalkið og kalíumið og gerir það aftur að öðru laufblaði. Skilur þú þetta? Öll náttúran vinnur með Orði Guðs. Og hér er þetta alveg fullkomlega opinbert í hinum sjö kirkjutímabilum. Það er ástæðan fyrir því að Heilagur andi steig niður og dró upp þessa hluti og gerði okkur þá eins augljósa og raun ber vitni. Það er nákvæmlega svo.

136. Takið eftir, lífið sem var í stilknum og í brúsknum og hýðinu, það safnast allt saman í korninu. Og lífið sem var í stilknum, fór í að mynda hitt hvert á fætur öðru. Réttlætingin greiddi götuna fyrir helgunina, helgunin greiddi götuna fyrir skírn Heilags anda. Skírn Heilags anda greiddi götuna fyrir það að Heilagur andi kæmi sjálfur í fullkomnun sinni aftur til Orðsins, til að opinbera sjálfan sig.

137. En það sem verður að kirkjudeild, það deyr. Alveg eins og lífið, sem var í Lúter, fór í að mynda Wesley og frá Wesley fór það yfir í Hvítasunnuna og frá Hvítasunnunni yfir í að mynda hið upprunalega sáðkorn. Það kom út úr Wesley og til Hvítasunnunnar, allt til þessa tíma. Ástæða þess að Hvítasunnuhreyfingin kom út úr Wesley var sú að hún var ekki kirkjudeild. Hvítasunnuhreyfingin var það ekki. Síðan gerðist Hvítasunnuhreyfingin kirkjudeild og (hvað gerði hún?), hún varð að hismi. Hún leit út eins og hið ekta.

138. Hve margir hafa séð sáðkorn, hveitikorn byrja að vaxa? Hvað er það fyrsta, litla sem kemur upp? Það lítur alveg eins út og sáðkornið, en það myndar hismi.

139. Sjáið þið hin þrjú stig? Stilkur, brúskur og síðan hismið og síðan kemur hið upprunalega fræ út úr hisminu, skilurðu? Ekki sáðkornið. Það var líf sáðkornsins, sem óx í gegnum þetta, til að verða að korni. Amen, amen! Sérð þú þetta? Hvað er það? Upprís, að verða aftur að meistaraverkinu, alveg eins og því sem fór inn í það. Hvítasunnuhreyfingin kom út úr Wesley, af því að Wesley varð samtök. Hvítasunnuhreyfingin gekk út og var ekki samtök, en varð síðan að samtökum. Það varð að gerast, til að hún yrði hismið. Hið sanna Orð lífsins í því var á leið að verða hið upprunalega korn í gegnum þessi stig. Gegnum stilkinn, og varð frjókornaduft, frá því varð það að hismi og frá hisminu varð það að sæði. Nei, ég meina stilkur, brúskur, hismi.

140. Á meðan þau voru lifandi í hinni upphaflegu vakningu, var ferli í gangi sem innihélt vissan hluta af lífi sæðisins, en þegar þau skipulögðu sig fór lífið úr þeim. Sagan sannar þetta. Hreyfing hefur aldrei gert nokkurn skapaðan hlut eftir að hún skipulagði sig. Hún var dauð. Það er alveg rétt.

141. Fylgist nú með lífinu færast fram. Það hreyfist áfram.

142. Takið eftir að það sem þeir hafa gert allir saman og sagan sannar það, hvernig kirkjan hefur orðið. Hún varð síðan einskis nýt fyrir Guð. Hreyfingin var lögð á hilluna. Það hefur aldrei verið, í allri sögunni kirkja, sem ekki dó, eftir að hún hafði skipulagt sig. Og hreyfingin dó og lifnaði aldrei aftur við. Sérð þú þetta ekki? Þú blindur maður, opnaðu augu þín! Náttúran og Orðið starfa saman og sanna það hér og nú, að þetta er sannleikurinn, að þetta sé sannleikurinn. Að lífið yfirgefur stilkinn, til að mynda brúskinn og frá brúski verður það að hismi og frá hisminu fer það aftur inn í hið upprunalega. Takið eftir, það verður aldrei aftur til neins gagns fyrir Guð.

143. Hve miklu eftirtektarverðara er ekki þetta líf, á vegferð sinni að hveitikorninu, heldur en trén. Guð líkir lýð sínum við tré, sjáðu til. Lífið fer niður í tréð og fer aftur upp, niður og upp á ný. En í hveitikorninu fer það frá hinu upprunalega og upp í gegnum stilkinn, brúsk og hismi og það sem það fer í gegnum deyr, þannig að það kemst ekki aftur upp á nýjan leik. Hvað er það? Það er ekki lengur til neins nýtt. Það heldur áfram á leið sinni til fullkomunar. Amen. Sérð þú ekki af hverju Guð notaði aldrei neina kirkjudeild? Hann kemst ekki aftur þar inn. Hún er dauð. En lífið heldur áfram, stig af stigi. Sjáðu til, þeir taka kreddur og dæla þeim inn.” Hver sem leggur nokkur orð við eða tekur burt.” Skilurðu, Hann er lokaður úti. Sæði Lífsins verður að halda áfram.

144. Ég nota þetta sem dæmisögu um brúðina, sem er að koma fram sem meistaraverk. Alveg eins og meistaraverk féll, eins er meistaraverk að rísa upp. Meistaraverkið féll í Níkeu — í Róm. Eftir Níkeu hefur hún gengið í gegnum ferli. En hún er að snúa aftur til meistaraverks síns, fullkomnuð, af því að hún er hluti af því Orði, sem hann talaði. Hann mun eiga kirkju án bletts eða hrukku. Hún mun ekki tengjast neinni hreyfingu eða kirkjudeild, sem eru bölváðar. Hún hefur farið í gegnum þessa hluti, en hún mun aldrei dvelja þar.

145. Takið eftir, sæðið er á leiðinni upp, lífið er að rísa upp, ekki að snúa við. Það verður engin önnur upprisa eftir þessa. Lífið er að rísa upp og komast til fullkomunar, upprisunnar.

146. Takið eftir, hismið leiðir fram... hið upprunalega sæði sprettur fram úr því. Við finnum þetta í Opinberunarbókinni 3. kafla. Munið nú að honum var ekki hent út úr neinni annarri kirkju á hinum kirkjutímabilunum sjö í Biblíunni. Hve margir muna eftir þessu? Hann fór í gegnum kirkjutímabil og hélt áfram til að gera eitthvað annað. En þetta er það. Það er ekkert annað. En myndhöggvarinn hefur aftur snúið sér að fullkomnuninni, Orðinu. Skilurðu? Ekki snúa við. Hve ólíkt er það ekki. Já ...!

147. Og takið síðan eftir, þegar fræbelgurinn kemur fram, þá líkist hann korninu, en þegar kornlífið tekur að yfirgefa hismið, til að mynda kornið (brúðina) þá opnast hismið og skilur kornið frá sér. Er það ekki rétt? Náttúran, það er einmitt það sem hún gerir.

148. Í Opinberunarbókinni 3. kafla komumst við að því, að Laódíkeutímabilið henti honum út. Sjáðu til, það gerðist ekki á hinum tímabilunum, því þá var meira sem átti eftir að koma fram. Það fór aðeins í gegn og inn í hina næstu. Ég hef alltaf sagt ykkur að það munu ekki koma neinar nýjar kirkjudeildir. Við erum komin að leiðarlokum. Og af hverju hentu þeir honum út? Hann... Hann er Orðið. Hann er eins og sú sem féll þarna lengst til baka. Hann er sama kenning og kom fram í upphafi.

149. Og þegar sæðisorðið tekur að vaxa fram, þá aðskilur hismið það frá sjálfu sér. Lífið yfirgefur allt hitt til að fylgja því. Það eru hinir santrúðu. Þeir fylgja Lífinu eftir, hvert sem það fer.

150. Það var eins með Ísrael. Ísrael er fullkomin táknmynd um þetta (ef við hefðum tíma.... ég á aðeins nokkrar mínútur eftir). En það er fullkomin táknmynd, í upphafi, að hvert sem eldstólpinn fór, þar var líf. Guð var það ljós. Og mér er sama hvort það var miðnætti eða hvort þeir voru á góðum útvöldum stað. Þegar eldstólpinn hreyfðist, þá hljómaði básúnan og Ísrael fór með Honum. Hallelúja. Og þegar básúnan hljómaði, þá fór Marteinn Lúter af stað með honum. Og hann skipulagði sig og það drap... Ekki hann sjálfur, mennirnir á eftir honum. Og síðan tók Guð lífið sem var í því og lagði það í gröfina.

151. Síðan kom Wesley út. Hann sá þessi stóru samtök, svo að hann blés í básúnu helgunarinnar, meira af Orðinu, skilurðu. Þegar hann gerði það, þá færðu þeir sig frá Lúter og yfir til Meþódistanna.

152. Og þegar hvítasunnnumenn sáu þetta, þá blésu þeir í básúnu, það var kominn tími til að endurreisa gjafirnar. Sérðu hvað þeir gerðu? Þeir blésu í lúður og komu út. Síðan skipulögðu þeir sig. En mundu að eftir hismið (það eru hin þrjú stig, sem við þekkjum) þá er ekkert eftir nema kornið. Ó, góði Guð! Og síðan er kornið tekið úr því öllu. Amen og amen! Sæðisorðið byrjar að myndast. Lífið kemur fram ...

153. Takið nú eftir. Ef brúðguminn, upphafið, fyrsti brúðguminn... þetta er brúðurin sem er að koma fram.

154. Munið að kirkjan byrjaði á hvítasunnudag og hún féll í Níkeu. Hún spíraði og líktist ekki hinu upprunalega korni. Nei, það var eitthvert líf þar, en hún spíraði til að búa til samtök. Og hún fór í gegnum þau samtök. Og hvað gerði hún síðan? Síðan fór hún frá þeim samtökum til annarra samtaka, fór frá einu stigi Orðsins, réttlæting, helgun, skírn Heilags anda, skilurðu? Og hún fór í gegnum stilkinn og ferlið. Það kom alltaf eitthvað meira.

Munið að brúskurinn er líkari korninu en stilkurinn. Og fræbelgurinn er líkari korninu en brúskurinn. En kornið sjálft er ofar því, skilurðu? Það þarfnaðist þess eingöngu til að hafa eitthvað til að fara í gegnum.

155. Takið eftir, brúðurin, ef brúðurin var Orðið í upphafi, eða brúðguminn, og brúðurin er síðan tekin af þessum brúðguma, þá hlýtur hún líka að vera Orðið. Takið eftir að brúðurin hlýtur að vera það.

156. Af hverju, af hverju hlýtur brúðguminn að vera birting Orðsins, skýr og greinileg? Af því að brúðguminn og brúðurin eru eitt. Hún var aðeins hluti af honum, sem numinn var burt. Hér er meistaraverkið sem var slegið.

157. Michelangelo hefði ekki getað skapað þetta á ný. Hann hefði ekki getað sett það aftur saman. En Guð mun gera það. Hann mun færa litlu brúðina, sem hefur verið slegin, aftur upp að hlið hins upprunalega Orðs. Og hér er það komið. Hér er meistaraverkið, fjölskyldan aftur í aldingarðinum Eden.

158. Hvernig mun brúðurin gera þetta? Hvernig mun hveitið gera þetta? Malakí 4. kafli segir að á síðustu tímum muni það verða endurreist (hvað?) endurreist aftur til þess upphaflega, farið með það til baka. “Ég bæti yður upp,” segir Drottinn, “árin, er átvargurinn, flysjarinn og jarðvargurinn átu.” Ég bæti yður upp. Malakí 4. kafli segir að hann muni snúa hjörtum fólksins og trú fólksins aftur til hinna upprunalegu feðra. Skilurðu? Þetta er beint fyrir framan augun á okkur, kirkja. Hvar erum við stödd?

159. Við ljúkum þessu eftir örfáar mínútur. Ég vil að þið takið vel eftir dálitlu, sem var að gerast. Malakí. 4. kafli á að snúa því við, aftur til hins upprunalega.

160. Hún er slegin út úr kirkjunni, úr “kirkjulíkamanum”, slegin ásamt Meistara sínum og í sama tilgangi. Hún er Orðið. Alveg eins og Jósef var aðskilinn frá bræðrum sínum, af því að hann var Orðið. Og Jesús var aðskilinn frá bræðrum sínum, af því að hann var Orðið. Kirkjan er aðskilin... brúðurin er aðskilin frá kirkjunni, af því að hún er Orðið. Hér eru þrepin ykkar aftur komin, eitt, tvö og þrjú, alveg nákvæmlega.

161. Orðið sem lifir og starfar, hin biblíulega brúður, ekki brúður sem er mynduð af manni, biblíuleg brúður sem er þjáð og slegin af Guði. Hún var hvorki fögur né glæsileg, svo að okkur fyndist til um hana, en við álitum hana refsaða og slegna af Guði. Það er alveg rétt. Hún stendur ein. Hún er aðskilin frá öllum kirkjudeildum, samkvæmt Opinberunarbókinni 3. kafla. Hún er slegin út úr Laódíkeukirkjutímabilinu, sem hún ólst upp í. Skilurðu? Þessi kirkja var uppalin á Laódíkeukirkjutímabilinu, það er hismið. En ef hinar fóru...

162. Getur þú ekki séð það, hvítasunnumaður, að ef hitt var hismi og dó. Ef hitt (stilkurinn) varð að deyja, ef brúskurinn varð að deyja, þá verður hismið líka að deyja, þessi þrjú stig skipulagningarinnar.

163. Og munið, þú sagðir: “Nú, það voru margir brúskar á henni. Það er mikið af þessu.” Jú, það hafa verið meþódistar, baptistar, öldungakirkja, lútersk kirkja, kirkja Krists, allt þetta litla sem kom á það, laufblöð og allt saman hefur hangið á því. En byrjunin var alltaf vegna siðbótar, skilurðu nú?

164. Hún stendur ein, eins og brúðguminn. Hafnað af mönnum, fyrirlitin af kirkjunum. Þannig er brúðurin. Hvað er það? Það er meistaraverkið hans, sjáið þið til. Það er Orðið, sem Guð getur unnið í gegnum og opinberað sig — og verið hafnað!

165. Þannig að stilkurinn, brúskurinn og hismið verða aldrei að korni, nei, en þau verða sífellt líkari því.

166. Nú, á uppskerutímanum, er sæðið orðið aftur að hinu upprunalega lífi, það hefur snúið aftur til Biblíunnar. Malakí 4. kafli sagði að það yrði gert á þann hátt. Ó, Drottinn minn dýri, hún verður að hafa það allt. Til að vera þannig, verður hún að hafa allt Orðið. Er það ekki rétt? (Söfnuðurinn segir Amen)

167. Hvað sagði Guð í tíunda kafla Opinberunarbókarinnar að myndi eiga sér stað? Hvaða tilgangi þjónaði ferðin til Tucson? Til að opna fyrir kirkjunni, á dögum sjöunda engilsins (á tímum boðskapar sjöunda engilsins), þá myndi Orð Guðs verða opinberað í heild sinni. Innsiglin, allt sem stilkurinn skildi eftir, allt um hvernig og hvers vegna, myndi koma fram á þeim tíma.

Er það þetta sem Orðið sagði? (Söfnuðurinn segir Amen) Þá sjáum við það. Hvar erum við þá stödd? Það er aðeins eitt, það er kominn uppskerutími. Hún er orðin alveg fullþroskuð. Hún er nú reiðubúin fyrir komu Hans.

168. Takið eftir. Nei, það mun aldrei verða öðruvísi. Á uppskerutímanum er sæðið aftur orðið eins og í upphafi og verður að hafa allt Orðið, til að vera sæði. Þú getur ekki tekið hálf sáðkorn, það mun aldrei vaxa. Skilurðu? Það verður að vera allt sáðkornið. Það birtist ekki svona... “Ég trúi á skírn Heilags anda, hallelúja! Ég trúi á að tala í tungum.” Það er aðeins hluti af sáðkorninu, aha, en nú er búið að bæta við það. Hallelúja! Skilurðu? Lífið, ekki gjafirnar, líf gjafanna, sjáðu til. Skilurðu mig? Við lifum á síðustu tímum, bræður.

169. Stilkurinn, brúskurinn og hismið eru nú öll dauð og uppþornuð. Það er aðeins eitt sem á eftir að gerast með það, að það safnist saman í Alkirkjuráðinu til að verða brennt.

170. Orðið er orðið hold, alveg eins og Guð lofaði í Lúkasi 17. kafla, Malakí 4. kafla og það allt. Það er rétt, opinberun...

171. Allt ekta líf sem var í stilknum, brúsknum og hisminu, er nú að safnast saman í korninu, reiðubúið fyrir upprisuna, reiðubúið fyrir uppskeruna. Alfa er orðið að Ómega. Hið fyrsta varð síðast og hið síðasta fyrst. Sáðkornið sem féll, hefur gengið í gegnum ferli og er aftur orðið að sáðkorni. Sáðkornið sem féll í aldingarðinum Eden og dó þar, er komið aftur. Frá því að vera ófullkomið sáðkorn, sem féll þar og dó, er það orðið að fullkomnu korni, hinum síðari Adam.

172. Hin fyrsta Eva, sem féll og var notuð í hina síðari siðbót — endurkoma, líkt og þegar barn fæðist. Nú er hún aftur orðin hin sanna brúður, sáðkornið aftur með hið upprunalega Orð. Alfa og Ómega er það sama. Hann sagði: “Ég er Alfa og Ómega.” Hann sagði aldrei að hann væri það sem er þar á milli, ó, nei. Ég er Alfa og Ómega. Hinn fyrsti og hinn síðasti. Já, vissulega.

173. Hin fyrsta þjónusta og hin síðasta þjónusta er hin sama. Fyrsti boðskapurinn og annar... síðasti boðskapurinn eru sá sami. “Hvorki dagur né nótt, en jafnvel um kveldtíma mun verða bjart.” Sjáið til, Alfa og Ómega, það er hið fyrsta og hið síðasta. Ó, bræður mínir, við gætum dvalið við þetta í marga klukkutíma.

174. Hið mikla meistaraverk af fjölskyldunni. Hinn síðari Adam og hin síðari Eva, þau eru nú reiðubúin fyrir aldingarðinn, þúsundarárikið. Amen. Aftur hér á jörðinni. Hallelúja! Hinn mikli myndhöggvari lét þau ekki liggja þarna. Hann tók sér tíma,

eins og hann gerði allar þessar milljónir ára við að móta hin fyrstu fullkomnu hjón og þau féllu. Núna hefur það farið í gegnum mörg þúsund ár. Hann hefur mótað þau á ný og hér eru þau komin, tilbúin.

175. Meistaraverkið var komið, svo var stykki slegið úr síðu hans og þar kom meðhjálpin. Og hún er leidd fram í gegnum sama ferli. Hér er hún komin á ný og náttúran og Biblían og annað sýna að hér erum við stödd.

**Þjóðirnar rofna,
Ísrael vaknar,
táknin, sem Biblían segir fyrir.
Dagar heiðingja taldir,
(Lítið á hvers konar ruslahaug við höfum.)
Þjökuð af skelfingu,
snúið aftur heim dreifða þjóð.**

Það er rétt. Þér er fyrir bestu að drífa þig inn, ef þú ætlar þá með.
Ég hætti eftir fimm eða tíu mínútur.

176. Takið nú eftir hinu mikla meistaraverki af fjölskyldunni. Eiginmaðurinn og eiginkonan geta ekki verið sönn fjölskylda nema þau séu eitt. Þau verða að vera það. Ef þau eru það ekki, þá eru þau ekki góð fjölskylda. Þá fer konan í eina áttina og maðurinn í hina. Það væri alveg hræðileg fjölskylda. En í einum anda, elskum við hvert annað, það er fjölskylda. Og það var meistaraverk Guðs og nú auðsýnir öll hin sanna fjölskylda einmitt það. Skilurðu?
Og nú er meistaraverksfjölskyldan komin fram á ný. Kristur og brúður hans eru reiðubúin að koma fram. Hinn síðari Adam og hin síðari Eva, reiðubúin að hverfa aftur heim. Og öll myndin hefur verið dregin upp af endurlausninni. Að leiða hana aftur þangað sem hún kom. Já nákvæmlega, að leiða hana aftur til baka.

177. Um daginn, stóð ég upp hjá samtökum Kristinna kaupþýslumanna. Ég býst við að mörg ykkar hafið verið þar. Þegar ég heyrði lúterska prestinn, eða prédikarann, eða hann átti að vera það, standa þarna og segja þennan fátíðlega hlut og gera grín að því sem við trúum. Og að þessir Kristnu kaupþýslumenn (*Full Gospel Businessmen*) skyldu hafa hann þarna og hann að segja þetta. Hann var með prestakragann öfugan á sér. Margir af þeim gera það nú til dags. Hann sagði: “Fólk spyr mig hvers vegna ég snúi kraganum við. Hvernig þekkja þau muninn á þér og kaþólskum presti?” Hann sagði: “Það er enginn munur þar á og ætti ekki að vera.” Hann sagði: “Við erum öll Guðs börn. Ég þekki kaþólskan prest sem er alls staðar nálægur. Það er að hann gat verið alls staðar á sama tíma.”

178. Það er ekki hægt að vera alls staðar nálægur, án þess að vera alvitur. Guð er ekki einu sinni alls staðar nærri, Guð er alvitur. Hann er alvitur og það gerir hann alls staðar nálægan. Hann veit alla hluti. En til að *Vera*, verður hann að vera í einni Veru. Þar sem Guð er alvitur getur hann verið alls staðar nálægur, af því að hann veit alla hluti og þekkti þá fyrir... Hann vissi áður en heimurinn varð til, hve margar flugur, lýs og þess háttar myndu verða til, hve oft þær myndu depla auga og allt annað um það, af því að hann er alls staðar nálægur. Enginn getur verið alvitur án þess að vera óendanlegur. Og það er aðeins einn sem er óendanlegur og það er Guð. Amen.

179. Hvað er þetta þá? Það er djöfullinn, sem er að leiða þá beint til slátrunar. Sérhver þeirra er að ganga inn (alveg eins og Biblían sagði). Og þetta er komið inn á meðal hvítasunnnumanna og er að toga þá burt, alveg eins og... hvílíkir tímar!

180. Og eftir þennan vitnisburð sagði einhver við mig... Ég... það var gott að ég sagði ekki mikið, af því að þeir hefðu sjálfsagt varpað mér í fangelsi þarna. En ég hugsaði bara með mér: “Hér er þetta komið. Fólkið sem hefur verið kennt, það veit.” “Hinir vitru munu þekkja Guð á þeim dögum,” segir Daníel. Já, vissulega. Hinir vitru munu þekkja sinn Guð. Þeir eru að bíða þessara hluta.

181. En þegar ég sá þetta gerast og hvítasunnnumenn standa þarna með honum. Meira að segja Oral Roberts leit þannig á mig. Þá sagði ég: “Ó, humm, að standa þarna með menntun sína, allir hvítfágaðir þið vitið og svo framvegis.

182. Það er ekki þannig sem Guð fægir sína. Hann fægir þá ekki með menntun. Hann fægir þá með auðmýkt í krafti síns opinberaða Orðs og birtir mynd þess sáðkorns, sem það kom frá.”

183. Einhver sagði við mig: “Bróðir Branham, það er eitt, sem ég skil ekki við þig.”

184. Ég sagði: “Hvað er það.”

185. Ég stóð þarna frammi á gangi og systir Dauch og þau og ég var búinn að taka í hendina á Bill og stóð þarna. Þau gengu öll fyrir hornið og þar var stór hópur manna. Klerkur þrengdi sér gegnum mannfjöldann og kraginn hans sneri öfugt og hann sagði: “Hvers vegna ertu sífellt að hrella fólkið?” Hann sagði: “Fólkið trúir því að þú sért guðsþjónn og verðir blíður og góður við það. Í hvert skipti sem ég heyri þig tala ertu að skamma konur, fyrir að hafa stutt hár og vera með farða og svoleiðis. Þú skammar fólkið fyrir að vera kalt og stíft og að því sé alveg sama. Hann sagði: “Hvers vegna gerir þú það? Þetta fólk elskar þig. Hvernig getur þú verið elskandi sonur Guðs og gert þetta?”

Ég hugsaði með mér: “Drottinn, lát mig svara þessum klára manni, sjáið þið til. Gef mér eitthvað að segja, sem lætur hann falla í eigin gröf.” Já.

Ég sagði: “Jæja, herra, hefur þú lesið um hið mikla tónskáld Beethoven?”

Hann sagði: “Jú, ég hef lesið um Beethoven.”

Ég sagði: “Hann reif trúlega heilmikið af pappír og henti í ruslið, en hann gaf heiminum meistaraverk.” Hann opnaði aldrei munninn til að segja eitt orð í viðbót.

Ég sagði: “Þegar hann sat í lesstofunni sinni og var undir innblæstri, þá skrifaði hann eitthvað niður. Hann fór inn í lesstofuna sína og bað. Ef það var ekki rétt, þá kuðlaði hann því saman og henti því í ruslafötuna. En þegar hann var búinn með það fyrir innblástur, fékk heimurinn meistaraverk.”

Ó hvernig Orðið sker, en það framleiðir meistaraverk. Það tekur hismið og stöngulinn burt og það leiðir fram meistaraverk.

186. Ég hef sjö mínútur til að segja ykkur frá nokkru sem gerðist í fyrradag, 3. júlí. Ég sat í verslunarmiðstöðinni hér. Ég hef komið til Pigalle – í Frakklandi, Rómar, New York borgar og Los Angeles. En soralegustu konur, sem ég hef nokkru sinni séð voru í Jeffersonville í Indiana. Ég hef aldrei séð eins mikla siðspillingu á ævi minni og meðal þessa fólks. Ég sat þarna, þar til mig verkjaði í hjartað og þá gaf Drottinn mér sýn.

Nú ætla ég að segja frá sýninni. Ég veit ekki hvort ég get útskýrt hana, en ég ætla að segja frá þessari sýn í fyrsta skipti.

187. Ég féll í leiðslu og þegar ég gerði það, þá var einhver hjá mér. Ég sá ekki persónuna. Það var aðeins rödd. Og ég horfði í þessa átt. Og þá sagði Guð: “Nú mun birtast forsýning af brúðinni.” Og ég horfði og ég sá koma í átt til mín fallegasta hóp af hreinklæddum konum sem ég hef á ævi minni séð. Þær voru allar mismunandi klæddar. Þær voru allar með sítt hár. Þær voru í fatnaði með síðum ermum og síðum pilsum og svo framvegis. Ungar konur, þær litu út fyrir að vera um tvítugt.

188. Nú, ég er með Biblíuna opna fyrir framan mig. Ég get aðeins sagt það sem ég hef séð. Ef þú spyrð: Á hvað ertu að horfa? Ég er að horfa á klukkuna. Að hverju ertu að leita? Ég er að leita að fólki og að horfa á fólk. Á hvað ertu að horfa? Ég horfi á Biblíuna. Það er það sem... ég segi sannleikann. Þetta er það sem ég sé. Og ég get aðeins sagt frá því sem ég hef séð. Ég veit ekki allt um það, ég þarf bara að segja ykkur frá því.

189. En þegar þessi brúður... hún horfði beint á mig. Sú sem var að tala við mig stóð hjá mér. Augu hennar... hún var hreinasta og fegursta fólk, sem ég hef á ævi minni séð. Það gætu hafa verið tólf eða fleiri, ég veit ekki hvað margar voru til hliðar. Þær liðu ljúflega framhjá og því fylgdi góður andi. Og augu hennar litu upp, þegar hún fór framhjá. Ó, hve hún var fögur! Ég leit á hana og þegar hún var komin framhjá sagði hann: “Nú munum við sjá forsýningu...” Hann sagði: “Þetta var brúðurin. Nú munum við sjá kirkjurnar.” Og þær komu, ég sá þær stíga fram. Og þegar þær stigu fram, þá voru þær hver annarri verr útlítandi. Ég hef aldrei séð jafn saurugan hóp á ævi minni. Og þegar hann sagði: “Næsti,” þá heyrði ég hávaða og hann sagði: “Hér kemur ameríski hópurinn.”

190. Nú, ég er amerískur, en mér varð óglatt við að sjá þetta. Ég er ekki nægilega málsnjall til að segja frá því sem átti sér stað í blönduðum hópi áheyrenda... þú verður að lesa á milli línanna. En þegar þessar konur komu, þá var leiðtogi þeirra norn. Hún var með stórt, langt nef og stóran munn. Þær voru allar huldar einhvers konar klæðnaði að neðanverðu, en að ofanverðu var aðeins sentímeters breiður borði sem axlarband. Og hver þeirra var með eitthvað í líkingu við...

191. Mörg ykkar munið eftir því hvernig við bjuggum til pappírsvendi úr dagblöðum hérna í eina tíð. Hve margir muna eftir þessu? Ég held að þeir noti þetta á útihátíðum. Svona niðurskornar pappírsræmur sem hanga niður. Það var eitthvað þessu líkt sem hékk á þeim og það sást í allan þennan líkamshluta. Og þær voru allar með mjög stutt hár og mikið málaðar. Þær litu bara alveg eins út og götuhórir. Þær gengu með þennan pappír og voru ákaflega klúrar. Pappírsræmurnar voru á þeim að framanverðu. En þegar þær komu framhjá þá var bakhlutinn... Og hvernig þær létu! Ég hugsaði: “Er þetta kirkjan?”

192. Og svo hélt hún sína leið. Þær sungu svona rokklög, þið vitið. Sungu þetta meðan þær gengu framhjá.

Ég sagði: “Er þetta kirkjan?” og ég stóð þarna og grét innra með mér.

Þessi norn – eftir því sem ég best veit, er hún ekkert annað en Alkirkjuráðið. Hún er Alkirkjuráðið, sem leiðir þær beint niður götuna, þangað sem þær voru að fara. Þær fóru til vinstri og hurfu í ringulreið. Þær voru enn að slá taktinn við þessa tónlist og

þær ráku upp hin undarlegustu hljóð. Þær skóku líkama sinn til sitt á hvað og létu svona á göngunni.

193. Ég varð niðurlútur og hann sagði: “Bíddu, brúðurin á að koma aftur.” Þegar ég leit upp, þá voru þær aftur komnar. Og þær fóru framhjá, fagrar litlar ungfrúr. Þær horfðu beint á mig, þegar þær fóru framhjá og ég tók eftir að þær voru allar mismunandi klæddar. Og ein af þeim sem gengu aftast var með mjög sítt hár, en það var einhvern veginn uppvafið, ef til vill þýsk eða eitthvað því líkt. Og ég horfði á þær. Og síðan, þegar þær voru að fara, voru tvær eða þrjár þeirra öftustu ekki lengur samstíga. Ég var um það bil að fara að kalla til þeirra. Þær reyndu að ná aftur réttum takti. Og ég horfði á þær... og þá hvarf mér sýnin.

194. Jæja, hér er túlkunin á þessu. Ástæða þess... Munið að ég var nýbúinn að skrifa... ég var ekki búinn, ég hafði ekki lokið við að skrifa þessa punkta. En þegar ég var að prédika í morgun, þá náði ég þessu nú rétt þarna í ræðunni minni. Tókuð þið eftir því að kirkjan sást aðeins... Nú, þetta er sannleikurinn, vinir. Okkar himneski Faðir, sem skrifar Orðið, veit að ég segi sannleikann, sjáið þið til. Ég veit að ég segi aðeins sannleikann. Ég vissi þetta ekki fyrr en fyrir örfáum mínútum, eða rétt áðan, þið skiljið. Tókuð þið eftir að brúðurin kom tvisvar sinnum í ljós, fyrra sáðkornið og seinna sáðkornið, bæði algerlega eins. Og ástæða þess að þær voru mismunandi klæddar, er sú að þær munu koma frá mörgum þjóðum. Hver og ein var með sítt hár og engan farða og mjög fallegar stúlkur. Og þær horfðu á mig. Það táknaði brúðina, sem mun koma frá mörgum þjóðum. Skilurðu, hver og ein táknaði þjóð, þegar þær gengu í fullkomnum takti með Orðinu. Skiljið þið?

195. Og síðan, ég þarf að hafa auga með henni. Hún mun fara úr takt við Orðið ef ég hef ekki auga með henni þegar hún fer framhjá. Ef til vill verður það á mínum tíma eða þegar ég verð farinn, eða hvenær sem það verður.

196. Takið eftir? Þær voru á leiðinni til baka. Þær reyndu sitt besta og voru að koma til baka, þær voru í röð, en af því að þær voru að horfa eitthvað annað, kannski að fylgjast með kirkjunni sem fór út í allsherjar ringulreið. En tvær, þær að framanverðu fóru aldrei... Þær sem voru aftast – þær voru aðeins tvær eða þrjár, voru aðeins til hægri og voru að reyna að komast aftur í röðina, þegar þær gengu framhjá. Þær voru eins nálægt mér og héðan og að veggnum þarna. Og síðan sá ég þær fara út. En takið eftir að kirkjan kom aðeins einu sinni í ljós, hver þjóð, kirkjan. En brúðurin kom tvisvar. Sjáið þið hvað það var? Nú, ég vissi það ekki, en lítið á þetta út frá boðskap mínum í morgun. Ég vissi þetta ekki, sjáið þið til. (Bróðir Branham bankar nokkrum sinnum í púltið.)

197. Sáðkornið féll í jörðina í Níkeu. Það var hið upprunalega sæði. Og hún gekk í gegnum ferli þessara kirkjudeilda, sem aðeins verða til einu sinni. En brúðurin snýr aftur á síðustu tímum. “Ég mun endurreisa.” Sjáið til, meistaraverkið er komið fram. Það er ástæða þess að hún sást tvisvar. Hún sást einu sinni og hún kom aftur. Og hún var nákvæmlega eins í seinna skiptið og hún var í það fyrra. Og Guð veri oss miskunnsamur. Flýttu þér, flýttu þér, flýttu þér líf, að fara í sáðkornið.

198. Allar hinar komu aldrei aftur í ljós. Þær fóru út og komu aldrei aftur. En brúðurin kom aftur, af því að hún var Alfa og Ómega. Guð, Hinn mikli myndhöggvari, hefur búið sér til meistaraverk, því að þetta er hluti af fyrsta meistaraverki hans. Eins og

hann gerði í aldingarðinum Eden þegar hann tók part af og gerði annað eintak og það skaddaðist og féll.

199. Nú hefur Guð verið allan þennan tíma að byggja upp á ný og hann leiddi fram meistaraverkið sitt og það var slegið til að... Sá hluti var sleginn til að meistaraverkið kæmi í ljós á ný. Þannig að meistaraverkið og sonur Guðs, meistaraverkið og brúðurin, það er hluti af honum, sem verður að vera uppfylling Orðsins. Orðið sem gengið hefur í uppfyllingu og þá erum við reiðubúin fyrir komu Drottins.

200. Ó, kirkja hins lifanda Guðs, hneigið hjörtu ykkar og ykkur sjálf frammi fyrir Guði. Þessir hlutir eru sannir. Ég veit að það hljómar þannig, eins og eitthvað jafnstórt og þetta myndi breiðast út á meðal þjóðanna. Það var aldrei þannig. Hann breytir ekki vegum sínum.

201. Vertu aðeins þakklát kirkja, vertu þakklát fyrir að þú ert stödd þar sem þú ert í dag, ef þú ert í Kristi. Af því að, sjáðu til...

202. Munið að allt líf mun safnast saman í sáðkorninu fyrir uppreisuna, en það verður að brenna stilkinn. Það verður að eyða hisminu og öllu því og svo mun verða. Treystu ekki þessum kirkjudeildum. Haltu þig við Orðið, lífið, Guð og meistaraverk hans. Hvað er þá þúsundarárikið? Kristur og brúður hans aftur komin í garð þúsundarárkisins. Amen

**Ég honum ann,
Ég honum ann,**

**af því hann unni
mér fyrst,**

**og greiddi frelsun mína
á krossi Golgata.**

203. Það er þar sem hann var sleginn. Vér álitum hann refsaðan og sleginn af Guði. En Hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða.

204. Er einhver hér í dag, sem ekki er hluti af korninu? Og þegar lífið er að yfirgefa hismið, af því að hismið er að þorna upp. Hve margir vita að hvítasunnukirkjan er að deyja? (Söfnuðurinn segir amen.) Hvað er það? Lífið er að yfirgefa hana. Í allri hreinskilni, þá er það þegar farið. Og ef brúðurin er nú þegar sýnd í forsýningu, skyldi hún vera fullgerð nú þegar? Þá... (Bróðir Branham raular Ég Honum ann.)

**Ég honum ann,
Ég honum ann,**

**af því hann unni
mér fyrst,**

**og greiddi frelsun mína
á krossi Golgata.**

205. Nú skulum við lúta höfði. Er einhver hér, sem vill láta minnst sín í bæn? Ef þér finnst að þú sért ekki...

206. Vinir, þetta er einum of augljóst. Ég hef aldrei séð sýn á ævinni, án þess að eitthvað gerðist, eitthvað fylgdi í kjölfarið. Ég segi sannleikann. Ég hef alltaf sagt sannleikann. Guð hefur sannað það. Þá er ég líka að segja sannleikann í þetta skipti. Ég veit ekki á hvaða dögum við lifum, en ég veit að það er ekkert eftir. Það gæti enginn stjórnámalaður komið fram, sem gæti greitt úr þessu. Stjórnámál, þjóðin er glötuð, Ó, góði Guð. Getur þú farið nógu djúpt til að finna það? Þjóðin er glötuð og ekki bara þjóðin, heldur þjóðirnar. Ef þjóðirnar eru glataðar, þá er heimurinn glataður. Og kirkjurnar líka, trúi ég. Mér finnst hvítasunnukirkjan hafa verið sú besta, en hún er búin að vera. Ó, Guð, vertu okkur miskunnsamur.

207. Ef þú þekkir hann ekki, þá skaltu flýta þér, gerðu það, flýttu þér. Ef þú finnur lífið... yfirgefðu synd þína, yfirgefðu það sem þú ert í. Farðu inn í hveitikornið í flýti. Þú munt deyja í stilknum eða í hisminu. Biddu, meðan við syngjum:

Ég Honum ann...

Þetta er núna orðið þitt val. Við höfum enga kirkjudeild, við höfum aðeins Krist. Þér er velkomið að lofa Hann með okkur, þar til hann kemur. Við getum ekki sett nafn þitt í bók. Við höfum engar bækur. Við viljum að nafn þitt verði ritað í Lífsins bók, ef það er þar ekki þegar, þá getur þú átt samfélag við okkur. Okkur þætti vænt um að sjá þig.

Ég Honum ann...

208. Kæri Guð, hjálpa þú hverjum og einum að athuga og sjá hvort við erum í Honum. Þú elskaðir okkur, þú varst sleginn okkar vegna og við álitum þig refsaðan og sleginn af Guði. Ég bið þess Guð, að þú kallir einn og sérhvern. Drottinn, tala þú til barna minna, þeirra sem ég elska, vana minna. Gefðu það Drottinn, á þessari stundu, fyrir nafn Jesú Krists.

209. Lát engan bíða of lengi, Drottinn. Þetta virðist svo afskaplega nærri. Uppskeran er sannarlega fullþroskuð. Hin mikla þreskivél Guðs mun fara sem stormsveipur um landið og hismið mun fljúga í allar áttir, en hveitinu verður safnað í hlöðu og tekið upp, af því að lífið er í því. Gefðu Drottinn, að sérhverri bæn verði svarað, hverri bæn sem kemur fram fyrir þig.

210. Ég bið fyrir þeim, Drottinn. Ég bið að þú látir engan hér glatast, Herra. Þau eiga erfitt. Þau eru komin um langan veg og gefðu okkur það sem við þörfnumst, það sem er okkur til góðs. Drottinn, ekki það sem er gott í augum okkar, heldur það sem er gott í þínum augum. Við viljum standa sem skírlíf meyja, sem Drottinn er búinn að tyfta og aga, til að við mættum hreinsast af syndum okkar.

211. Ég legg fram bæn fyrir þeim, Drottinn. Ég, ég veit ekki hvernig á að biðja. Við... við erum að tala við hinn mikla Guð. Og hvaða maður, hvaða mannleg vera, getur beðið rétt frammi fyrir lifanda Guði? En Drottinn, orðin mín sem eru borin rangt fram og nafnorð og sagnorð á röngum stað. Ef þú gast kennt litlum dreng stafrófið og búið til setningu, horfðu þá framhjá málfræði minni, Drottinn og horfðu til þess sem ég trúi. Ég trúi þér og ég trúi þessu Orði. Og ég trúi fyrir einn og sérhvern hér. Og ég leiði þau fram fyrir altarið Drottinn, þar sem blóð Jesú Krists stendur á milli okkar og

hins mikla Jehóva. Og blóðið mun tala fyrir okkur. Þegar þú slóst hann á Golgata sagðir þú: “Talaðu. Hlýðið á hann.” Og blóðið, segir Biblían að tali kröftuglegar en blóð lambsins í Gamla testamentinu, af því að blóð Krists talar kröftuglegar en blóð Abels. Það talar stærri hluti. Og tala þú Drottinn, endurlausn fyrir okkur, er við hrópum til þín í gegnum blóðið.

212. Mikli faðir lífsins, taktu okkur með Drottinn. Ef við höfum syndgað, taktu það þá frá okkur. Við viljum ekki vera þannig, Drottinn. Það er ekki ætlun okkar. Og við gerum okkur grein fyrir að við lifum á hræðilega dimman hátt. Eins og við sögðum í upphafi, þá erum við á leið upp fjall, í gegnum hrjúfa staði. Vegurinn er myrkur, en við erum með ljós með okkur. Mættum við sjá það er við göngum nú þrep fyrir þrep, eins og í “*För pílagrímsins*,” þar til við að lokum komumst alla leið upp á topp. Leiddu okkur, ó hirðirinn okkar. Mikli Jehóva, leið okkur fyrir Anda þinn.

213. Og við vitum að við erum langt frá því að vera meistaraverk, en við lítum til Hans sem við vorum höggin af, til hins raunverulega meistaraverks og við treystum Honum. Leiddu okkur til hans, Drottinn. Gefðu það, Drottinn.

214. Lækna alla sjúka og þjáða, sem hér eru staddir Drottinn. Vér álitum hann refsaðan og sleginn af Guði. En hann var særður vegna vorra synda. Meistaraverk Guðs var slegið. Og hann var særður vegna vorra synda og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir. Lækna sjúka Drottinn, í þinni Guðlegu nærveru, núna þegar við vitum að þú ert hér.

215. Hreinsa sálir okkar og hjörtu okkar af öllu illu, öllum illum hugsunum, öllum illum samskiptum, öllu því sem er rangt. Og við biðjum Faðir, að þú læknir sjúkdóma okkar og látir okkur fara héðan með þeirri tilfinningu að við séum helguð börn þín. Og með blóð þitt yfir okkur, tölum við í gegnum blóðið, Orðið. Gefðu það, Drottinn. Við biðjum þess í nafni Jesú Krists. Amen.

216. Guð, Faðir, smyrðu þessa vasaklúta með nærveru þinni, Drottinn. Mætti nærvera þín vera með þeim, hvert sem þeir fara. Hvar sem þeir verða lagðir á sjúkan líkama, mættu þeir þá læknast. Og ef einhvers staðar er sundrað heimili, viltu þá lækna það Drottinn, mikli myndhöggvari. Gefðu það, Drottinn.

217. Móta okkur og gerðu okkur að sonum og dætrum Guðs. Við trúum að það sé verið að fægja brúðina í síðasta skipti. Hún verður aðskilin frá öllu kirkjulegu heildarskipulagi og síðan kemur hin mikla uppskera. Gerðu þau þangað til Drottinn, heilbrigð og glöð í þjónustu sinni fyrir þig. Í Jesú nafni. Amen.

Ég honum ann, ég...
(Elskar þú hann raunverulega?)

**Af því hann unni mér fyrst,
og greiddi frelsun mína
á Golgata tré.**

218. Skilur þú nú hvers vegna ég skamma þig? Það er ekki vegna þess að ég elski þig ekki. Ég elska þig. Ég vil meistaraverk fyrir meistarann. Ef til vill þarf ég að slá svólítið, en ég mun fá meistaraverk einn daginn, ef ég held mér fast við Orðið. Það er

rétt.

Nú, Jesús sagði: Af því munu allir menn þekkja að þið eruð mínir lærisveinar, ef þið elskið hver annan. Við eigum að elska hver annan, svo mikið, svo mikið.

**Lofað sé bandið sem bindur
hjörtu okkar kærleiksböndum.
Samfélag líkra sálna
það líkist hinu efra mjög.**

(Tökumst í hendur.)

**Er við skiljum við hver annan,
það veldur oss sársauka nú,
En við munum samt
vera sameinuð í hjarta
í von um að hittast á ný.**

**Taktu nafnið Jesú með þér,
sorgarinnar barn.
Það mun þér gleði og huggun veita
Taktu það með hvert sem er.**

**Fagra nafn, ó svo blítt,
von jarðar og himinsins gleði.
Fagra nafn, ó svo blítt.
Von jarðar og himinsins gleði.**

(Munið á ferð ykkar.)

**Taktu nafnið Jesú með þér,
sem skjöld fyrir hverri raun.
Þegar freistingum þú mætir
(Hvað gerir þú þá?)
þá seg hans helga nafn í þinni bæn.**

**Fagra nafn, ó svo blítt,
von jarðar og himinsins gleði.
Fagra nafn, ó svo blítt.
Von jarðar og himinsins gleði.**

Þar til við hittumst á ný.

(Lútum höfði.

Ó, mér finnst svo gaman að syngja.)

**Þar til hittumst á ný
við fótiskör meistarans.
Þar til við hittumst á ný
við fótiskör meistarans.
Guð veri með þér
þar til við hittumst á ný.**

Þessi ræða var flutt sunnudaginn 5. júlí árið 1964 í Branham tjaldbúðinni í Jeffersonville í Indianafylki.